



Hver er bakgrunnur og ástæður sérstakrar meðferðar á gengishagnaði og tapi í skattskilum?

Jóhanna Guðmundsdóttir

B.Sc. í viðskiptafræði

Vor 2012

Leiðbeinandi:

Páll Jóhannesson

Nafn nemenda:

Jóhanna Guðmundsdóttir

Kt. 110166-5919

Formáli

Rannsóknarverkefni þetta er B.Sc. verkefni við viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík, unnið á vorönn 2012. Í rannsókn þessari var skoðað hver bakgrunnur og þá hvað ástæður eru fyrir sérstakri meðferð á gengishagnaði og gengistapi í skattskilum. Höfundur er Jóhanna Guðmundsdóttir sem þakkar leiðbeinanda sínum fyrir góða leiðsögn

Reykjavík, 15 maí 2012

Jóhanna Guðmundsdóttir

Ágrip

Í þessu verkefni er leitað svara við rannsóknarspurningunni, hver er bakgrunnur og ástæður sérstakrar meðferðar á gengishagnaði og tapi í skattskilum? Byrjað er á því skilgreina hugtökin skattur, tekjur og gengishagnaður og greint er frá helstu lagaákvæðum um skattlagningu sem er að finna í Stjórnarskrá Íslands og lögum um tekjuskatt. Sérstaklega er kannað hvort gengishagnaður teljist tekjur samkvæmt almennri skilgreiningu um að tekjur séu eignaaukning. Gerð er grein fyrir ólíkum reglum sem gilda um skattalega meðferð gengishagnaðar einstaklinga og fyrirtækja, en skattlagning gengishagnaðar einstaklinga byggir á innlausn meðan skattlagning fyrirtækja byggir á áföllnum gengishagnaði. Fyrirtækjum ber einnig skylda til að dreifa gengistapi og gengishagnað á þrjú ár. Rannsakað er hvaða ástæður liggja á bak við sérreglur gagnvart fyrirtækjum og hvort þær séu í samræmi við almennar reglur um skattskil og reikningsskil fyrirtækja. Íslenska krónan er lítill gjaldmiðill sem hefur sveiflast mikið á síðast liðnum árum, því er kannað hvort skattaleg meðferð gengisbreytinga hafi áhrif á hegðun fyrirtækja í þá átt að fyrirtæki færi eignir úr erlendri mynt í íslenskar krónur eða nýti sér heimild í lögum til að gera ársreikninga sína í erlendri mynt. Að lokum var rannsakað hvort skattlagning gengishagnaðar færi gegn ákvæðum um fjórfrelsið í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Kafli I. Lög og reglur um skattlagningu gengishagnaðar.....	6
2.1 Hugtakið skattur.....	6
2.1.1 Venjuleg peningagreiðsla.....	6
2.1.2 Skattur á tiltekna hópa einstaklinga og lögaðila.....	7
2.1.3 Gjald til hins opinbera.....	8
2.1.4 Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins.....	8
2.1.5 Almennur efnislegur mælikvarði.....	9
2.1.6 Án sérgreinds endurgjalds.....	10
2.2 Hugtakið tekjur.....	10
3. Löggjöf um skattlagningu tekna.....	10
3.1 Stjórnarskrá Íslands.....	10
3.2 Almenn ákvæði tekjuskattslaga.....	11
3.3 Tímamörk skattlagningar.....	13
3.3.1 Innlausn tekna.....	13
3.3.2 Óvissar tekjur.....	13
3.4 Verðmæti metin til peningaverðs.....	14
4. Gengishagnaður.....	15
4.1 Hvað er gengishagnaður?.....	15
4.2 Þróun laga um gengishagnað.....	15
4.3 Löggjöf um gengishagnað og gengistap.....	17
4.3.1 Gengishagnaður fyrirtækja.....	18
4.3.2 Gengishagnaður einstaklinga.....	20
4.4 Álitamál vegna viðskipta við útlönd.....	21
4.5 Hvenær er gengishagnaður skattskyldur?.....	21

4.5.1	Innlausnarregla	21
4.5.2	Lagerregla	22
4.6	Aðferðir við að reikna gengishagnað	22
4.6.1	Kaup eða sölugengi	22
4.6.2	Samsláttarreglan	22
4.6.3	Tímamörk umreikningsskyldu.....	23
5.	Mismunur á skattskilum og reikningsskilum.....	23
6.	EES samningurinn	24
6.1	Grundvallarreglur EES	25
6.2	Fjórfrælsið	26
6.3	Frjálsir fjármagnsflutningar.....	26
6.4	Skattalöggjöf og EES samningurinn	27
6.4.1	Heildstætt skattkerfi.....	29
6.4.2	Skattsniðganga og undanskot	29
6.4.3	Virkt skattaeftirlit	29
7.	Kaflí II. Skattaleg framkvæmd á Íslandi	29
7.1	Uppgjörsaðferðir fyrirtækja.....	29
7.2	Uppgjör í árslok.....	32
7.3	Framkvæmd við dreifingu á gengishagnaði og gengistapi til þriggja ára	32
7.4	Álitamál við uppgjör	33
7.4.1	Eftirgjöf skuldar til rekstraraðila	34
7.4.2	Eftirgjöf skulda til einstaklinga	34
7.4.3	Ólögmeðtt lán	34
8.	Kaflí III. Niðurstaða rannsóknarspurningar.....	36
8.1	Þróun íslensku krónunnar og áhrif á skattlagningu.....	36

8.2	Hefur skattlagning á gengishagnaðar áhrif á hegðun fyrirtækja?	37
8.3	Af hverju er ólík skattaleg meðferð á gengishagnaði einstaklinga og lögaðila?.....	38
8.4	Er gengishagnaður tekjur?.....	38
8.5	Af hverju er skattlagning gengishagnaðar fyrirtækja ekki við innlausn ?.....	39
8.6	Munur á vaxtatekjum og gengishagnaði	40
8.7	Er skattlagning gengishagnaðar brot á fjórfrelsis ákvæðum EES samningsins?	40
8.8	Bindandi álit í skattamálum.....	41
9.	Niðurstaða.....	41
10.	Heimildaskrá	44
11.	Myndaskrá.....	49
12.	Töfluskrá.....	49
13.	Lagaskrá, dómaskrá og fl.....	49
14.	Munnlegar heimildir:	50

1. Inngangur

Markmið með þessari ritgerð er að rannsaka forsendur fyrir skattlagningu gengishagnaðar lögaðila og einstaklinga og þá hvort þær forsendur sé í samræmi við almennar reglur um skattlagningu á Íslandi. Gerð var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við aðila frá löggjafarvaldinu ásamt hagsmunaaðilum. Erfitt reyndist að fá svör frá löggjafar og framkvæmdavaldinu því ekki virðist alltaf hafa verið mikil yfirsýn yfir skattamál hjá þessum aðilum. Ekki tókst að fá svör frá skattayfirvöldum né á ráðuneytinu, og má rekja það til þeirrar varkárni sem ríkir hjá skattayfirvöldum að gefa ekki almenn svör heldur vilja skoða einstök tilvik með formlegum hætti. Þá voru rannsökuð lagaákvæði og forsendur þeirra ásamt því að skoða dómafordæmi og úrskurði stjórnvalda, íslenskra og evrópskra er varðar skattlagningu gengishagnaðar og skyld svið.

Ritgerðinni er skipt í þrjú kafla. Fyrsti kaflinn er um lög og reglur um skattlagningu gengishagnaðar. Gerð er grein fyrir hugtökunum skattur, tekjur og gengishagnaður og hugtökin borin saman við lög og dómafordæmi. Sérstaklega er kannað hvort gengishagnaður teljist tekjur samkvæmt almennri skilgreiningu um að tekjur séu eignaaukning. Þá er fjallað um hvaða reglur gildi um skattalega meðferð gengishagnaðar og gengistap hjá einstaklingum og fyrirtækjum og er gerð grein fyrir þeim mun. Því næst er farið yfir mismun á skattskilum og reikningskilum og hvaða ólíku sjónarmið liggja þar að baki. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið gekkst Ísland undir reglur um hið svokallaða fjórfrelsi, frjáls vöruviðskipti, frjálsa för vinnuafis, frjálsa fjármagnsflutninga og frjáls þjónustuviðskipti. Kannað er hvort skattlagning gengishagnaðar fari gegn ákvæðinu um frjálsa fjármagnsflutninga og brjóti skilyrði EES samningsins. Í kafla II er farið yfir skattalega framkvæmd á Íslandi og dæmi tekin um uppgjörsaðferðir ásamt því að farið er yfir helstu álitamál við uppgjör fyrirtækja. Einnig er gerð er grein fyrir reglum sem gilda um eftirgjöf skulda og leiðréttu ólöglegra lána. Að lokum er farið yfir rannsóknarniðurstöður og metið hvort skattlagning á gengisbreytingar hafi áhrif á hegðun fyrirtækja í ljósi þess hve íslenska krónan sveiflast mikið frá einum tíma til annars.

2. Kafli I. Lög og reglur um skattlagningu gengishagnaðar

Hér verður grein fyrir helstu skilgreiningum á hugtakinu skattur, tekjur og gengishagnaður og gerð grein fyrir helstu lagaákvæðum og dómafordæmum um skattlagningu tekna.

2.1 Hugtakið skattur

Margir íslenskir fræðimenn hafa sett fram skilgreiningu um hvað felist í orðinu skattur en hvergi er slíka skilgreiningu að finna í lögum. Álögur eru lagðar á þegna landsins með ýmsu móti og mikilvægt er að greina á milli skatta, eignarnáms, eignaupptöku og fésekta (Jónatan Þórmundsson, 1982).

Skilgreining sú sem almennt er notuð varðandi skatthugtakið kemur fram í ritinu Fyrirlestrar um Skattarétt eftir Jónatan Þórmundsson (1982) en skilgreining hans er:

Skattur er greiðsla, venjuleg peningagreiðsla sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinum opinbera.

Hæstiréttur hefur byggt á þessari skilgreiningu í dómum sínum sbr. Hrd. nr. 91/1999 en þar segir: „Framangreind gjöld verður að telja skatta, enda er hér um að ræða gjöld, sem lögð eru á tiltekna hópa einstaklinga eða lögaðila samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins án þess að sérstakt endurgjald eigi fyrir að koma“.

Við nánari greiningu á skilgreiningunni á skatthugtakinu eru sex atriði sem rétt er að skoða nána: það er venjuleg peningagreiðsla, gjald til hins opinbera, tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila, einhliða ákvörðun ríkisvaldsins, eftir almennum efnislegum mælikvarða og án sértaks endurgjalds. Hér verður gerð grein fyrir þessum atriðum í stuttu máli.

2.1.1 Venjuleg peningagreiðsla

Almenna reglan er að skattar eru greiddir í formi peninga en fræðimenn hafa talið að önnur verðmæti geti einnig fallið undir skattgreiðslu. Í lögum um skylduskil til safna nr. 43/1997 segir að útgefendur skulu afhenda fjögur eintök af öllum útgefnum bókum til Landsbókarsafns til varðveislu en Gaukur Jörundsson telur óvírætt að hér sé um skatt að ræða enda um óveruleg

verðmæti að ræða (1969, bls. 125). Ákvæðið um verndin á eignaréttinum í stjórnarskránni þarf að skýra með lögum sem heimila skattheimtu og eru fræðimenn sammála um það að eignarétturinn sé ekki verndaður fyrir skattlagningu (Gaukur Jörundsson, 1969; Jónatan Þórmundsson, 1982). Eignarverndarákvæði stjórnarskrárinnar kemur þó í veg fyrir stórfellda eignaupptöku eins og kemur fram í Hæstaréttardómi nr. 753/1958 en þar tók Hæstiréttur undir það sjónarmið að með hárri skattlagningu væri hægt að fara gegn eignarverndarákvæði stjórnarskrárinnar en taldi þó ekki að svo væri í þessu máli.

2.1.2 Skattur á tiltekna hópa einstaklinga og lögaðila

Það er grundvallaratriði við skattlagningu að skattur verði ekki krafinn af tilteknum aðila án þess að jafnframt séu aðrir skattlagðir sem eins er ástatt um. Það verður að leggja sambærilega skatta á þá sem eru í sambærilegri stöðu. Það sem liggur til grundvallar þessari skilgreiningu er að ekki megi mismuna skattaðilum í efnahagslegu tilliti heldur verður að byggja á jafnréttisreglu þannig skattlagning taki til allra sem eins stendur á um (Gaukur Jörundsson, 1969). Lög um skattlagningu þurfa að vera almenn og nákvæm þannig að ekki sé vitað fyrirfram hverjir greiða skatt né hversu háan skatt hver greiðir (Gylfi Knudsen, 1994). Í Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson (1988) segir að takmörk verði að setja á skattlagningarvald löggjafans þannig að skattur sé byggður á efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Hæstiréttur hefur staðfest jafnréttisregluna í nokkrum dómum sbr. Hrd. 112/2004 en þar segir „Ekki sé því um brot á neinu jafnræði að ræða með fyrrnefndri tilhögun í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995, enda fái þeir fasteignaeigendur sem eins er ástatt um að lögum sömu meðferð hvað þetta varði.“ Skattur á einstaka skattaðila sem ekki næðu til annarra sem eins stæði á um myndi því fara í bága við stjórnarskána. Mismunun gagnvart skattaðilum telst eignarnám og yrði ríkið að greiða fullar bætur fyrir (Ólafur Jóhannesson, 1952; Katrín Jónasdóttir 1961 og Gaukur Jörundsson, 1994). Þrátt fyrir eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar hefur löggjafarvaldið allfrjálssar hendur við skattlagningu og hefur svigrúm til að ákvarða hvenær skattlagning telst málefnaleg og eðlissrókrétt því hafa skattar nokkra sérstöðu (Gaukur Jörundsson, 1969). Þetta viðhorf hefur komið fram í fjölmörgum dómum Hæstaréttar samanber Hrd. nr. 424/1965. Í dómnum segir:

Samkvæmt 77. gr. stjórnarskrárinnar skal skipa skattamálum með lögum. Almenni löggjafinn hefur þannig tvímæla lausan og stjórnskipulegan rétt til að leggja á þjóðfélagsþegnana skatta og opinber gjöld eftir málaefnalegum lögbundnum

sjónarmiðum og svo til, þá er sérstök efni eru til, að skattgilda tiltekna þjóðfélagshópa á eðlisrökréttan og málefnalegan hátt til sérstakra og jafnvel hvers konar almannabætur

Einnig reyndi á jafnræðisregluna í Hrd. 402/1996, en þar segir Hæstiréttur „ það er meginregla í skattarétti, að öll gjöld, sem fara í að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við, komi til frádráttar frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Allar undantekningar frá þeirri reglu verða að vera skýrar og ótvíræðar“.

Það getur komið til álita hvort aðili falli undir tiltekinn hóp eða ekki. Það virðist vera á valdi löggjafans að ákvarða hvort aðili falli undir tiltekinn hóp en dómastóla að dæma hvort ákvörðun löggjafans sé rétt með tilliti til stjórnarskrárinnar (Gylfi Knudsen, 1994). Mörg dæmi eru um það í lögum að skattlagning hópa einstaklinga og lögaðila sé mismunandi, til dæmis er munur á skattlagningu eftir félagaförmi, hvort um fyrirtæki eða einstakling, barn eða fullorðinn sé að ræða. Þá skiptir sífjarrettarlegs staða einstaklinga máli og hvort þeir stunda atvinnurekstur eða ekki. Heimild til þessa mismununar hefur verið staðfest í Hæstaréttardómum, sbr. Hrd. 1008/1987, þar var deilt um samsköttun foreldris og barna til eignaskatts. Niðurstaða Hæstaréttar var að samsköttun stæðist með vísan til sjálfstæðis löggjafans um skattlagningarsjónarmið (Gylfi Knudsen, 1994, bls. 326).

2.1.3 Gjald til hins opinbera

Þetta skilyrði hefur verið sett fram sem hluti af skatthugtakinu. Með ákvæðinu er átt við að skattar renni til ríkis eða sveitarfélaga. Skilyrðið er hins vegar ekki fortakslaust, heldur aðeins til leiðbeiningar. Dæmi eru um dóma Hæstaréttar þar sem aðilar töldu skattlagningu óheimila þar sem greiðslur runnu ekki til hins opinbera. Niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 753/1958 var sú að þrátt fyrir að hluti skattgreiðslu skyldi renna til veðdeildar Búnaðarbankans var það ekki talið óheimilt þar sem ríkissjóður var skattkrefjandinn og löggjafinn hafði heimild til að ráðstafa skattgreiðslum fyrirfram.

2.1.4 Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins

Þetta skilyrði tekur til þess að greiðslur frá aðilum samkvæmt samningum er ekki skattur og fellur ekki undir ákvæðið. Gerðir hafa verið nokkrar samningar við aðila sem fela m.a í sér skattgreiðslur og hafa þá verið gerð sérlög um þá samninga. Dæmi um slíkan samning er

samningur um Álbræðslu í Straumsvík milli Íslenska ríkisins og Swiss Aluminium Ltd., sbr. lög nr. 76/1966.

2.1.5 Almennur efnislegur mælikvarði

Ákvæðið um almennan efnislegan mælikvarða er nátengt jafnræðisreglunni og að skattleggja eigi á sama hátt hóp einstaklinga og lögaðila sem eins er ástatt um (Ólafur Jóhannesson, 1988, bls. 449). Í fyrrnefndum Hæsiðréttardómi nr. 424/1965 er vísað til þess að það sé stjórnskipulegur réttur til að leggja skatt og opinber gjöld á þjóðfélagsþegnana eftir málefnalegum og reglubundnum sjónarmiðum. Ákvæðið felur í sér að leggja beri efnahagsleg sjónarmið til grundvallar þannig að skattlagning sé miðuð við ákveðnar eignir eða tekjur aðila (Ólafur Jóhannesson, 1952). Hæstiréttur tók undir þetta sjónarmið í Hrd. nr. 356/1996 en í dómnum segir að höfuðmáli hafi skipt að reglur sem stjórnvald setur séu málefnalegar og reistar á almennum efnislegum mælikvarða. Við ákvörðun skatta verður að setja einhver takmörk með tilliti til fjárhæðar skatta, þó ekki sé ljóst hver þessi mörk eru og hvenær telja beri álögur sem eignarnám (Gylfi Knudsen, 1994, bls. 328). Skattaálögur þurfa ekki að taka mið af tekjum en þó telja fræðimenn að ekki sé heimilt að taka allar tekjur umfram ákveða upphæð í skatt. Eignaskattur tekur ekki mið af því að tekjur af eign dugi fyrir skattgreiðslu og óarðbærar eignir eru að fullu skattlagðar (Gylfi Knudsen, 1994, bls. 329).

Mikilvægur þáttur við mat á því hvort skattur sé lagður á eftir efnislegum mælikvarða er hvort byggt er á sannvirðisreglunni. Ef talið er að brotið sé gegn henni getur það talist fara í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stóreignardóma Hrd. 753/1958 „að skatt skuli miðast við sannvirði hlutabréfa, enda samrýmast reglur 4. gr. 1 mgr. um skattmat á eignum hlutahafa í hlutafélagi ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar“ (Katrín Jónasdóttir 1961 og Gaukur Jörundsson, 1994).

Fræðimenn hafa talið þetta ákvæði vera til áminningar um að gæta skuli sanngirnis við skattlagningu (Gaukur Jörundsson, 1969; Gylfi Knudsen, 1994). Þó að skilyrðið sé ekki skýrt telja fræðimenn að það stuðli að því að settar séu almennar nákvæmar reglur sem eiga jafn við um alla og kemur í veg fyrir geðþóttaákvæðanir skattyfirvalda (Gylfi Knudsen, 1994, bls. 333).

2.1.6 Án sérgreinds endurgjalds

Þrátt fyrir að aðili greiði skatt til ríkisins sem rennur til reksturs á vegum ríkisins þá fær aðili ekki sérgreindan rétt á móti þeirri skattgreiðslu. Hér er greinarmunur á skattgreiðslu og þjónustugjaldi en þar á greiðandi rétt á sérgreindu endurgjaldi (Gylfi Knudsen, 1994, bls. 326).

2.2 Hugtakið tekjur

Við ákvörðun skatta á tekjur er mikilvægt að skilgreina hvað eru tekjur. Í gegnum tíðina hafa fræðimenn og þá einkum hagfræðingar reynt að skilgreina hugtakið tekjur. Þekktasta skilgreiningin á hugtakinu var sett fram af heimspekingnum og hagfræðingnum Adam Smith í bókinni um Auðlegð þjóðanna sem kom út árið 1776. Í skilgreiningu hans felst að gæði er það sem hægt er að nýta til sparnaðar eða neyslu án þess að eignir séu rýrðar (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994). Aðrir fræðimenn hafa komið fram með sambærilega kenningu. Hin svonefnda Schanz-Haig-Simons skilgreining segir að tekjur séu virði eigna sem mögulegar eru til nýtingar (Norberg, 2007) og kenning Indriða H. Þorlákssonar (2007) segir að tekjur sé neysla á verðmætum að viðbættri eignabreytingu á ákveðnu tímabili, þannig að eign er ávísun á neyslu í framtíðinni. Það eru þó fá dæmi þess farið sé eftir nákvæmri skilgreiningu á tekjum í lögum um skattlagningu tekna heldur hefur tekjuhugtakið verið aðlagað eftir þörfum í hverju landi fyrir sig (Norberg, 2007). Oft er grundvöllur skattlagningar lögaðila byggður á tekjufærslu í fjárhagsbókhaldi. Það er talið endurspegla raunverulega efnahagslega aukningu, oft er það einfaldast í framkvæmd en það getur einnig verið að aðrir möguleikar séu ekki til staðar (Norberg, 2007).

Í lögum um tekjuskatt er reynt að skilgreina hvað felist í hugtakinu tekjur þó það sé ekki ert með tæmandi hætti. Hér verður gerð grein fyrir helstu löggjöf um skattlagningu tekna og hvernig tekjur eru skilgreindar í íslenskum lögum.

3. Löggjöf um skattlagningu tekna

Löggjöf um skattlagningu er að finna víða í íslenskum lögum en þau lög sem mestu skipta er Stjórnarskrá Íslands og lög um tekjuskatt nr. 90/2004.

3.1 Stjórnarskrá Íslands

Stjórnarskrá Íslands kveður á um heimild til skatttöku í 40 gr. og 77 gr. Í 40. gr. segir „*Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.*„ Þessi grein er fortakslaus að því leyti

að óheimilt er að leggja á skatt eða afnema hann nema með lögum sem samþykkt eru af Alþingi. Framangreint ákvæði stjórnarkrárinnar tekur bæði til svonefndrar beinna skatta sem innheimtir er hjá hverjum þegni með beinum álögum og óbeinna skatta sem þegnarnarnir gjalda með almennri neyslu. Í 77. gr. segir:

Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.

Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.

Ákvæðið áréttar það sem segir í 40. gr. með því að ítreka að það sé einungis Alþingi sem getur ákvarðað skattlagningu og tekur skýrt fram að stjórnvöld hafa ekki heimild til að ákvarða hvernig skattlagningu sé háttáð. Með 2. mgr. 77 gr. er sett fortakslaust bann við afturvirkni skattalaga. Ákvörðunarvald fyrir skattheimtu er því hjá Alþingi en ákvæði í stjórnarskránni binda hendur löggjafans í því efni þar sem jafnan er talið að skattlagningarvaldi löggjafans sé sett þau takmörk að skattar séu lagðir á þegnana eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Að þeim skilyrðum uppfylltum er talið að löggjafinn hafi nokkuð frjálsar hendur við skattlagningu þó með skorðum sem sett eru með 67. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fjallað um friðhelgi eignarréttarins. Þá vaknar spurningin um mörkin milli skatta og eignarnáms en þau mörk eru ekki skýr (Björn Þ. Guðmundsson, 1989). Fræðimenn hafa átt erfitt með að skýra þessi mörk þar sem afstaða dómsstóla hefur lengi verið sú að játa leggjarfarvaldinu að mestu leyti sjálfðæmi í meðferð skattlagningarvalds (Katrín Jónasdóttir og Gaukur Jörundsson, 1994). Í stjórnarskránni er ekki að finna nein ákvæði um greiningu á milli eignarnáms og skatta.

3.2 Almenn ákvæði tekjuskattslaga

Meginákvæði um tekjur í skilningi íslenskra laga eru í lögum nr. 90/2003 (tsk.) en þar er kveðið á um almenna skattheimtu á tekjur einstaklinga og lögaðila. Í I. kafla laganna er skilgreint hvaða aðilar bera skattskyldu á Íslandi. Skattskylda einstaklinga sem greiða skatt af öllum tekjum hvar sem þeirra er aflað er skilgreind í 1 gr. Skattskylda lögaðila er skilgreind í 2. gr. Um takmarkaða skattskyldu einstaklinga er fjallað í 3 gr. og 4 gr. tiltekur hverjir eru undanþegnir tekjuskatti á Íslandi. Í II. kafla er kveðið á um hvaða tekjur eru skattskyldar. Í kaflanum er fylgt þeirri

meginstefnu að telja skuli til skattskyldar tekjur sem mest af hlunnindum og fjármunum sem aðila hlotnast (Árni Kolbeinsson, 1978).

Í 7.gr. laganna er fjallað um skattskyldar tekjur. Þar segir: „Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hefur hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru.“ Síðan er lýst nánar í liðum A til C hvaða tekjur sé skattskyldar og hvaða tekjur eru undanskildar skattskyldu. Liður A tilgreinir launatekjur, B liður tilgreinir atvinnurekstrartekjur og C liður er um fjármagnstekjur. Í 9 tl. C liðar 7. gr. er svo hnykkt út með að lögin gildi um sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi eru sérstaklega undanskilin í lögunum eða í sérlögum. Þessi grein er því mjög rúm og ætlun löggjafans er að fella alla mögulega eignaaaukningu undir ákvæðið sem ekki er sérstaklega undanskilin í lögum. Í greinargerð með þessu ákvæði kemur skýrt fram að vilji Alþingis var að hafa ákvæðið mjög rúm og ekki væri um tæmandi upptalningu að ræða en þar segir:

Tekjuhugtakið verður að vísu aldrei skilgreint tæmandi með einni setningu en slík skilgreining hefur þó verið í tekjuskattslögum allt frá því að fyrstu almennu tekjuskattslögin voru sett árið 1921[...], en þó verður að telja að með þessu orðalagi sé lögð á það aukin áhersla að tekjuhugtakið verði að skýra mjög rúmt og að sú upptalning er á eftir fylgir sé alls ekki tæmandi heldur einungis tekin í dæmaskyni (Þingskjal nr. 46 1979).

Ef ákvæðið er skoðað nánar hvað hugtökin gæði, arður, laun og hagnaður standa fyrir, þá eru þessi hugtök ekki skilgreind nákvæmlega í lögunum. Hugtakið gæði í 1. mgr. 7. gr. tsk. hefur verið skilgreint þannig að með gæðum sé „átt við hvers konar verðmæti, sem skattaðila hlotnast og unnt er að meta til peningaverðs í verslun og viðskiptum. Eru önnur verðmæti, svo sem minjagildi og notagildi sem eingöngu hafa persónulegt gildi fyrir eigandann því undanþeginn skatti“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994, bls. 78). Því verður ekki betur séð en orðið gæði nái einnig yfir laun, arð og hagnað, því óljóst er hvers vegna löggjafinn taldi ástæðu til að telja upp þessi fjögur hugtök sérstaklega í ljósi síðast málsliðar greinarinnar (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994).

3.3 Tímamörk skattlagningar

Við ákvörðun á andlagi til skattlagningar skiptir máli á hvaða tímapunkti tekjur verða til. Við ákvörðun á tímamörkum skattlagningar tekna er einkum miðað við hvort tekjur hafi verið innleystar eða hvort tekjur séu vissar.

3.3.1 Innlausn tekna

Almennt er miðað við að tekjur hafi myndast við innlausn, það er þegar peningar eða peningakrafa er móttækin fyrir eign, vöru eða þjónustu. Tekjur geta verið innleystar við afhendingu þó svo greiðsla verði síðar en þá verður að hafa myndast krafa á þriðja aðila sem telst ígildi peninga (Ríkisskattstjóri, 2001a). Óinnleystar tekjur er hagnaður sem hefur myndast en engin viðskipti hafa átt sér stað, til dæmis verðmæti hlutabréfa eða vörulagers hefur hækkað í verði án þess að hafa skipt um hendur. Víða í ákvörðunum stjórnvalda er að finna ákvæði þar sem skattlagning er miðuð við innlausn tekna, samanber tilkynningu Ríkisskattstjóra (2008) þar sem miðað er við að fjármagnstekjur verði ekki andlag skattlagningar fyrr en við greiðslu (innlausn) þar sem fyrr er ekki um neinn raun ávinning.

3.3.2 Óvissar tekjur

Mikilvægt atriði er að finna í 7. gr. tsk. er það sem snýr að tímamörkum skattlagningar, það er hvenær aðila hlotnast peningaleg verðmæti. Hvenær tekjur teljast til tekna og verða grundvöllur skattlagningar kemur fram í 59. gr. tsk. , í 2. tl. segir: „*Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.*“

Það sem felst í þessu ákvæði er að tekjur hafa ekki hlotnast fyrr en krafa hefur myndast frá þriðja aðila og skiptir þá ekki máli um hverskonar kröfu er að ræða, hvort heldur um er að ræða kröfu vegna viðskipta eða sem gjafagerningur. Verðmæti sem aðili býr til sjálfur falla ekki undir ákvæðið. Í lok ákvæðis er kveðið á um það að krafa verður að vera viss áður en hún getur talist grundvöllur skattlagningar.

Yfirsattanefnd hefur staðfest að óvissar tekjur eru ekki skattskyldar fyrr en við greiðslu, sbr. ákvörðun nr. 61/2007 en þar segir “...að um óvissar tekjur hafi verið að ræða sem skattskyldar voru þegar greiðsla þeirra fór fram á árinu 2004. Þykir því ekki tilefni til að leita frekari skýringa hjá kæranda um hvaða fjárhæð greiðslunnar tilheyrir hverju ári þar sem ekki verður annað séð af efni kæru en að greiðslan hafi í heild sinni verið skattskyld þegar hún fór fram á árinu 2004”.

Sama niðurstaða var í ákvörðun yfirskattanevndar í máli nr. 183/2002 sem fjallaði um skattskyldu tryggingabóta en þar segir að „Samkvæmt þessu verður að telja að umrædd greiðsla hafi verið óvissar tekjur í skilningi 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981 þar til samkomulag tókst um hana og fjárhæð hennar og hún var greidd,„. Í ákvörðun Ríkisskattstjóra varðandi meðferð hagnaðar og taps af framvirkum samningum segir að meðan tekjur eru óvissar verði þær ekki grundvöllur skattlagningar (Ríkisskattstjóri, 2001b). Í ákvörðuninni segir:

Verðmæti hins framvirka samnings er reiknað út á sölu- eða innlausnardegi. Á slíkum tímamarki eru viðskiptin gerð upp og á þeirri stundu er hægt að gera grein fyrir hagnaði eða tapi af viðskiptunum í skattskilum viðkomandi samningsaðila. Með vísan til 2. mgr. 60. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt verður að líta svo á að tekjur af framvirkum samningum séu óvissar fram að þeim tíma og því ekki unnt að gera grein fyrir hagnaði eða tapi af samningnum fyrr en niðurstaða viðskiptanna liggur fyrir.

Af ofangreindum niðurstöðum ríkisskattstjóra og yfirskattanevndar má telja ljóst að tekjur mega ekki vera óvissar, á þann hátt að ekki liggi fyrir skýr krafa frá þriðja aðila, til að geta verið andlag skattlagningar.

3.4 Verðmæti metin til peningaverðs

Það næsta sem kemur til skoðunar varðandi 7 gr. tsk. er að verðmæti verða að vera metin til peningaverðs til að þau teljist til tekna skv. 7.gr. laganna. Það er því ekki nóg að verðmæti hafi persónulegt gildi heldur verður að meta verðmæti samkvæmt almennum mælikvarða þannig að þau teljist almennt verðmæti í viðskiptum milli manna (Gylfi Knudsen, 1994, bls. 326).

Miðað við ofangreinda skilgreiningu á orðinu verðmæti er skilgreining tekna mjög rúm samkvæmt tekjuskattslögunum og mun rýmri en almenn skilgreining er á orðinu tekjur. Undir orðið tekjur gata því talist margvísleg verðmæti þrátt fyrir að vera ekki skilgreind sérstaklega í 7 gr. laganna, enda er ákvæðinu ekki ætlað að vera tæmandi. Hugsanlegt er að verðmæti gætu fallið undir ákvæðið þrátt fyrir að teljast ekki tekjur samkvæmt öðrum lagagreinum (Gylfi Knudsen, 1994, bls. 327).

4. Gengishagnaður

4.1 Hvað er gengishagnaður?

Í leiðbeiningum Ríkisskattstjóra um skattlagningu fjármagnstekna segir að gengishagnaður sé hækkun í íslenskum krónum á kröfu í erlendri mynt sem rekja má til breytinga á gengi erlendar myntar frá upphafi til loka greiðslutímabils (Ríkisskattstjóri, 1997).

Með þessu er átt við að ef aðila hlotnast tekjur í erlendri mynt og gengi íslensku krónunnar hækkar á sama tíma myndast tekjur sem kallast gengishagnaður. Á sama hátt ef gengi krónunnar lækkar á sama tíma myndast gengistap.

4.2 Þróun laga um gengishagnað

Tekjuskattur var fyrst lögfestur hér á landi með lögum nr. 21 frá 1877. Þessi skattalöggjöf tók fyrst og fremst til reglubundinna tekna af arðberandi eignum og atvinnu og voru tekjur tæmandi upptaldar í lögnum (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 1994, bls. 48). Því var um mjög þrönga skilgreiningu á skattskyldu að ræða þar sem allar tekjur sem ekki voru taldar upp voru undanþegnar skatti. Árið 1917 voru lögnum breytt á þann veg að skilgreindir voru fleiri tekjuliðir sem skattskyldir, þ.m.t tekjur af landbúnaði og sjávarútvegi sem fram hafði fram að þeim tíma verið undanþegin skattlagningu. Heimild var gefin fyrir því að draga þann rekstrarkostnað frá sem urðu til við tekjuöflun, þar með talið afskriftir og vexti. Næstu áratugina voru gerðar nokkrar breytingar á skattalöggjöfinni, fleiri tekjuþættir komu inn í lögina og lögina voru gerð skýrari.

Ekki er fjallað um gengishagnað eða gengistap í lögum um tekju og eignarskatt fyrr en með lögum 48/1970 sem voru breyting á lögum 90/1965. Þar var lögaðilum heimilað að viðbótar fyrna vegna gengistaps (Þingskjal 699, 1970). Með lögum 68/1971 var fjallað nánar um hugtökin gengishagnað og gengistap og lögaðilum gefin heimild til að fyrna gengisbreytingar, sem féllu til vegna öflunar fyrnanlegra eigna að fullu á eftirstöðvar fyrningartíma eignar sbr. 4. tl. C liðar 15 gr. (Þingskjal 743, 1971). Heildarendurskoðun á tekjuskattslögnum var gerð með lögum nr. 40/1978 þar sem nokkur nýmæli voru lögfest. Eitt af þeim var í C lið 7. gr. þar sem hluti fjármagnstekna var gerður skattskyldur. Gengishagnaður lögaðila var talinn með skattskyldum tekjum en á móti var gefin heimild til þess að draga frá gengistap og mismunurinn færður sem gengishagnaður eða gengistap (Þingskjal 803, 1978). Gengishagnaður einstaklinga var skattfrjálst fram að lögum nr. 2/1981 en þá var gengishagnaður skattskyldur umfram tiltekin mörk.

Skattlagning gengishagnaðar fyrirtækja var óbreytt til ársins 2005 þegar gefin var heimild til að dreifa gengishagnaði í kjölfar mikillar styrkingar íslensku krónunnar en 2008 var dreifingin gerð að skyldu. Við skoðun á umræðum um skattabreytingar á Alþingi á þessu tímabili verður ekki séð að mikið hafi verið fjallað um skattlagningu gengishagnaðar lögaðila.

Á árinu 1996 skipaði fjármálaráðherra nefnd til að endurskoða skattlagningu fjármagnstekna sem skipuð var aðilum frá ólíkum fylkingum (Fjármálaráðuneytið, 1996). Í niðurstöðum nefndarinnar kom fram að talið var mikilvægt að skattlagning fjármagnstekna væri einföld og auðskilin og valdi sem minnstri röskun á fjármálmarkaði og hjá einstaklingum. Markmiðið með samræmdri skattlagningu allra fjármagnstekna var þrenns konar, að afla tekna, jafna tekjuskiptinguna og hafa áhrif á atferli fólks og/eða fyrirtækja (Fjármálaráðuneytið, 1996). Í meðferð málsins í nefndinni kom fram að hluti af fjármagnstekjum þ.e. er verðbætur og gengishagnaður, væru ekki tekjur í eðli sínu þar sem verðbætur viðhalda eingöngu verðgildi peninganna með tilliti til verðbólgu, og gengisbreyting hefur engin áhrif á eign í erlendri mynt (Pétur H. Blöndal alþingismaður, munnleg heimild). Einnig var rætt um að fjármagnstekjur geta verið óvissar og þeim fylgt nokkur áhætta, þannig að skattlagning getur verið ósanngjörn og órökrétt. (Pétur H. Blöndal alþingismaður, munnleg heimild). Nefndin fór yfir tillögur um hvernig hægt væri að koma í veg fyrir þetta ósanngirni við skattlagningu fjármagnstekna og sú hugmynd var rædd að skattlagning væri miðuð við raunvexti, raunarð og söluhagnað umfram verðbólgu og að hægt væri að draga frá tap af fjármagnseign á móti hagnaði. Niðurstaða nefndarinnar var að skattlagning raunhagnaðar myndi varla gefa ríkissjóði neinar tekjur, jafnvel tekjutap, og því var fallið frá þeirri hugmynd (Pétur H. Blöndal, munnleg heimild). Með lögum nr. 94/1996 var samþykkt að lækka fjármagnstekjuskatt í 10% annars vegar til að koma á móts við skattlagningu vaxtatekna sem höfðu verið skattfrjálsar en hins vegar til að veða á upp móti að því að fjármagnstekjur væru að stórum hluta ekki raunverulegar tekjur (verðbætur, gengishagnaður) og að fjármagni fylgir áhætta, tekjur af þeim væru óvissar og skattlagningin órökvís (Pétur H. Blöndal, munnleg heimild). Fjármagnstekjur eru mjög teygjin skattstofn, lítil hækkun skatthlutfalls hefur mikil áhrif á tekjur ríkissjóð og hætt við að hækkun fjármagnstekjuskatt dragi úr sparnaði (Pétur H. Blöndal, munnleg heimild). Með hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 18% á árinu 2010 og í 20% á árinu 2011 hefur Alþingi að mati Péturs H. Blöndal horfið frá fyrra viðhorfi sínu að taka tillit til þess að skattlagningin er ekki rökrétt sem veldur enn meira ósanngirni í skattlagningu fjármagnstekna. Eigendur fjárhæðar á gjaldeyrisreikningum hafa t.d.

hvorki heimild til að draga gengistap af öðrum reikningum á móti gengishagnaði né geta nýtt sé tap frá fyrra ári, það geti því komið til tvískattlagningar sömu upphæðar. Afleiðing af hækkun skatthlutfalla, sem eru að nálgast skatthlutföll á launtekjur, væri að stíga skrefið til fulls, leggja raunvexti, raunarð við launatekjur og draga vaxtagjöld, tapaðar eignir og kostnað við leigu frá launatekjum og skattleggja síðan niðurstöðuna, jákvæða eða neikvæða. Mikið tap mætti svo draga frá launatekjum næstu ára. (Pétur H. Blöndal, munnleg heimild.)

Nokkrar deilur voru um skattlagningu fjármagnstekna og þá sérstaklega varðandi lækkun á skatthlutfalli. Rök sem hafa verið sett fram varðandi lægra skatthlutfall fjármagnstekna eru að fjármagnstekjur eru skattstofn sem tekur miklum breytingum, greiddur gengishagnaður einstaklinga fæst ekki endurgreiddur vegna gengistaps og ekki er gerður greinarmunur á nafn- og raunávöxtun, til dæmis ef raunávöxtun hefur verið neikvæð (Viðskiptaráð Íslands, 2010). Rök á móti lagabreytingunni var einkum sú að hætta væri á að reynt væri að komast hjá skattlagningu launatekna með hærri arðgreiðslum (Umsögn um frumvarp, 1996).

Staðgreiðsla á innleystan gengishagnaði einstaklinga var ákveðinn með lögum nr. 165/2010 en þar var bætt við 4. gr. laga 94/1996 „Til vaxta telst enn fremur innleystur gengishagnaður á staðgreiðsluári skv. 4. tl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003. Sama á við um innleystan gengishagnað sem fellur til frá einu greiðslutímabili til annars innan staðgreiðsluársins“. Gengishagnaður fyrirtækja er undanþegin staðgreiðslu en 3. mgr. laganna segir að ekki skuli telja gengishagnað skv. 5. tl. 1. mgr. til stofns til staðgreiðslu heldur skuli skatturinn ákvarðaður við álagningu opinberra gjalda næsta ár eftir tekjuári (Umsögn um frumvarp, 1996).

4.3 Löggjöf um gengishagnað og gengistap

Í tekjuskattslögunum gilda ólíkar reglur um skattalega meðferð gengishagnaðar eftir því hvort um einstakling eða lögaðila er að ræða. Það er einkum þrennt sem aðgreinir skattalega meðferð þessara tveggja hópa, í fyrsta lagi er skilyrðið um innlausn sbr. 4 tl. 2. mgr. 8 gr., í öðru lagi heimild til draga frá gengistap sbr. 4. tl. 1 mgr. 49. gr. og þriðja lagi skilyrðið um að tekjur af gengishagnaði eigi að dreifast með jafnri fjárhæð á næstu þrjú ár frá því gengishagnaður fellur til. Meðan skatthlutfall fjármagnstekna var lægra en tekjuskattshlutfall lögaðila greiddu einstaklingar lægra skatthlutfall en lögaðilar. Í dag er hlutfallið það sama 20% bæði fyrir

fjármagnstekjuskatt og tekjuskatt lögaðila. Gerð verður hér að neðan nánari skil á löggjöf varðandi einstaklinga og fyrirtækja.

4.3.1 Gengishagnaður fyrirtækja

Kveðið er á um skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga í sjálfstæðri starfsemi í 8. gr. tsk. Samkvæmt greininni teljast sem tekjur vextir, afföll og gengishagnaður og er lýst nánar í nokkrum liðum. Í 5. tl. 1 mgr. segir: „Gengishagnaður af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok.“

Ákvæðið tilgreinir að skattleggja eigi gengishagnað af eignum í erlendum verðmæli miðað við kaupgengi gjaldeyris í lok árs óháð því hvort innlausn hafi átt sér stað. Gengishagnaður er því skattlagður þó óvissa sé enn um hver niðurstaðan er þegar innlausn á sér stað. Hér er því um ólíka meðhöndlun að ræða miðað við afstöðu Ríkisskattstjóra í ofangreindri ákvörðun dags. 4. desember 2001 um afleiðusamninga, þar var lagt til grundvallar að ekki væri vissa um endanlega niðurstöðu þannig að skattaleg meðhöndlun afleiðusamninga ætti að eiga sér stað við innlausn.

Gefin er heimild til að draga gengistap frá gengishagnaði en sett skilyrði að dreifa þurfi gengishagaði á þrjú reikningsár, sbr. 2. mgr. 5.tl. 8.gr. Þetta ákvæði kom fyrst inn í lögum 2005 sem bráðabirgðaákvæði í kjölfar mikils gengishagnaðar fyrirtækja vegna styrkingar krónunnar. Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 hrundi gengi íslensku krónunnar sem leiddi til mikils gengistap hjá fyrirtækjum. Nýtt ákvæði var sett inn í tekjuskattslögin með lögum nr. 6/2008 í byrjun árs 2008. Þar segir: „Frá gengishagnaði ársins skal draga gengistap, sbr. 4. tl. 1. mgr. 49. gr., og færa mismuninn til tekna sem gengishagnað með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til“. Í athugasemd með frumvarpinu segir að:

„Samkvæmt gildandi lögum skal færa gengismismun, þ.e gengishagnað að frádregnu gengistapi, að fullu til tekna eða gjalda á viðkomandi reikningsári. Tillaga framvarpsins felur það í sér að gengismismun verð dreift með jafnri fjárhæð á þrjú reikningsár, þ.e það reikningsár þegar mismunurinn myndast og næst tvö þar á eftir. til lengri tíma litið hefur þessi breyting engin áhrif á tekjuhlíð ríkissjóðs, en áhrif milli einstakra ára kunna ð verða einhver og þá bæði til hækkunar og lækkunar.“

Í athugasemdum hagsmunaaðila kemur fram að almennt var ánægja með þá breytingu að dreifa gengishagnaði og gengistapi á næstu þrjú ár til að draga úr áhrifum gengisbreytinga eða eins og segir í umsögn frá KPMG á Íslandi „Tillögur þessar eru til þess fallnar að dreifa áhrifum gengisbreytinga á skattgreiðslur fyrirtækja og er það vel.“ (KPMG á Íslandi, 2008). Þó var gagnrýnt af hagsmunaaðilum að um skyldu en ekki heimild væri að ræða (Samtök fjármálafyrirtækja, 2008).

Almennt eru skattfrestanir til ívilnunar fyrir skattaðila, til dæmis er frestun söluhagnaðar heimilaður en ekki skylda sbr. 14. gr. tsk. Í 4. mgr. 15. gr. tsk. segir: „Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrmanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi“.

Það er því óvenjulegt að löggjafinn hafi gert það að skyldu að dreifa gengishagnaði og gengistapi á þrjú ár. Ekki hefur fengist skýring á því af hverju löggjafinn taldi rétt að hafa þetta skyldu en ekki heimild.

Í ákvæðum til bráðabirgða er meðal annars kveðið á um meðferð á eftirgjöf skulda og breytingu lána úr erlendri mynt í íslenskar krónur. Sjá bráðabirgðaákvæði nr. XXXVI gr. við lög nr. 90/2003:

Sé skilmálum í samningi um lán sem tengjast rekstri lögaðila og sjálfstætt starfandi manna breytt með þeim hætti að endurgreiðsla miðist við íslenskar krónur í stað erlends gjaldmiðils telst það vera skilmálabreyting láns en ekki eftirgjöf skuldar í skilningi laganna, þótt uppreiknaður höfuðstóll sé leiðréttur til lækkunar, enda sé breytingin gerð á málefnalegum forsendum og lánskjörum breytt í kjör sem eru almennt í boði við sambærilegar aðstæður... Séu gerðar breytingar á uppreiknuðum eftirstöðvum lána, sbr. 1. og 2. másl., ber rekstraraðila að leiðrétta áður gjaldfærðan fjármagnskostnað til samræmis.

Ákvæðið gefur lögaðilum og mönnum sem stunda atvinnurekstur afslátt af skattskyldu eftirgjafar skulda sem eru umfram rekstartap að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Nánar verður farið í skattlagningu eftirgjafar skulda í II. kafla.

4.3.2 Gengishagnaður einstaklinga

Í tekjuskattslögunum gilda ólíkar reglur um skattlagningu gengishagnaðar eftir því hvort um einstakling eða lögaðila er að ræða eins og kemur fram í 2 mgr. 8. gr. en þar er fjallað sérstaklega um skattalega meðferð aðila sem ekki eru tengdir atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Ólíkt því sem miðað er í 1. mgr. er hér forsenda fyrir skattalegri meðferð gengishagnaðar að innlausn hafi átt sér stað. Skýrt er kveðið á um að miða eigi við innlausn gengishagnaðar og miða eigi við breytingu á eign miðað við kaupgengi eða fyrsta dag ársins. Gefin er heimild til að jafna gengishagnað og gengistap á hverjum reikningi fyrir sig innan ársins. Í 2. mgr. 8 gr. segir:

Innleystur gengishagnaður af hvers konar innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt á því ári sem innlausn á sér stað skal færður til tekna og miðast við mismun á kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris frá 1. janúar 2010 eða síðar og á úttektar- eða greiðsludegi. Heimilt er að jafna saman gengishagnaði og gengistapi hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

Þetta ákvæði hefur tekið nokkrum breytingum, í byrjun árs 2010 var samþykkt breyting á 8. gr. á þann hátt að miða ætti við áfallinn gengishagnað á sama hátt og er gert með gengishagnað fyrirtækja en fallið var frá því ákvæði með lögum nr. 165/2010.

Í rökstuðningi með frumvarpsdrögum segir:

Komið hefur fram gagnrýni á núgildandi ákvæði og er því lögð til sú breyting á tekjufærslu gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt sem er í eigu einstaklinga utan atvinnurekstrar að hún eigi sér stað við úttekt af reikningum og þannig sé horfið frá því að telja áfallinn óinnleystan gengishagnað af innlánsreikningum til tekna. Jafnframt verði hið sama látið taka til hvers konar krafna í erlendri mynt (Þingskjal 380, 2010).

Ennfremur kemur fram að það hafi reynst óframkvæmanlegt að miða skattlagningu gengishagnaðar einstaklinga við áfallin hagnað (Þingskjal 594, 2010). Í nefndaráliti minnihluta Efnahags- og skattanefndar kemur fram að eðlilegt sé að gengistap af einum reikningi geti komið til frádráttar gengishagnaði á öðrum reikningi aðila, það var þó ekki samþykkt (Þingskjal 594, 2010).

Ekki kemur fram í nefndarálitum hvers vegna ástæða þótti að miða gengishagnað við úttekt hjá einstaklingum en við áfallinn gengishagnað hjá fyrirtækjum.

4.4 Álitamál vegna viðskipta við útlönd

Í viðskiptum milli landa er yfirleitt notast við mismunandi gjaldmiðla við kaup og sölu eigna yfir landamæri. Það geta því komið upp mörg álitamál í slíkum viðskiptum, til dæmis við hvaða gjaldmiðil eigi að styðjast við, hvaða gengi eigi að nota og svo hvernig skattalegri meðferð tekna, gjalda, eigna og skulda eigi að vera háttáð. Í lögum um ársreikninga nr. 17/2006, 1. mgr. 7.gr. er kveðið á um að ársreikningar sem samdir eru samkvæmt lögum um ársreikninga skuli vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum. Af þessu ákvæði má draga þá ályktun að umreikna þurfi allar fjárhæðir sem eru í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur en í 11.gr. laganna segir að ársreikningur eigi að „vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum“. Hvergi er þó að finna í lögum hvernig nákvæmlega eigi að standa að þessum umreikningi.

4.5 Hvenær er gengishagnaður skattskyldur?

Almenn þróun hefur orðið á íslenskum reikningsskilastöðlum í samræmi við þróun alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Breytingin er helst sú að áður var miðað við sögulegt verð færslna (transaction-based approach) en hefur þróast yfir í reikningsskil miðað við virðisnálgun (value-based theory) (Norberg, 2007). Sögulegt verð byggir tekju- eða bókhaldsfærslu á því verði þegar að krafa hafi verið innleyst, þ.e krafa hafi raunverulega færst á milli eigenda. Virðisnálgunin miðar við raunverulegt virði eignar á ákveðnum tíma óháð því hvort krafa hafi verið innleyst eða ekki og eru tekjur og gjöld færð í fjárhagsbókhald þegar hægt er að meta aukningu eða lækkun á hagrænum ávinningi á áreiðanlegan hátt (Norberg, 2007). Við færslu tekna og gjalda sem falla til í einni mynt yfir í þá mynt sem reikningsskilin byggja á er einkum notast við tvær aðferðir, annars vegar lagerregluna og hins vegar innlausnarregluna (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003). Lagerreglan byggir á virðisnálgun en innlausnarreglan á sögulegu verði færslna. Það sem einkum aðgreinir þessar reglur liggur aðallega í tímamismuninum varðandi hvenær skattskylda fellur til.

4.5.1 Innlausnarregla

Innlausnarreglan tekur til breytinga á kröfu eða skuld frá myndun hennar þar til hún er greidd að fullu eða hluta (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2006). Innlausnarreglan gildir um skattalega

meðferð gengishagnaðar einstaklinga og er að finna í 4.tl. 2. mgr. 8. gr. tsk. en á ekki við um fyrirtæki. Þó þróun í reikningsskilum sé frá því að miða við sögulegt verðmæti eða innlausnarverð í átt að virðisnálgun eru margir ókostir við þá leið. Mat á virði eigna er mjög hlutlægt og erfitt að nota við skattlagningu (Norberg, 2007). Einnig leiðir virðisnálgun til þess að óinnleystar tekjur eru skattlagðar sem hefur áhrif á lausafjárstöðu fyrirtækja, greiddur er skattur óháð því að tekjur hafi myndast og því þarf að ganga á eignir félagsins (Norberg, 2007).

4.5.2 Lagerregla

Lagerreglan mælir breytingu á kröfu eða skuld frá stofnun hennar að næstu áramótum. Í reglunni felst að tekjur og gjöld geta fallið til þó ekki hafi verið greitt af kröfu eða skuld á tímabilinu (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2006). Lagerreglan kemur fram í 4. tl. 1. mgr. 8. gr. tsk. en þar er miðað við að greiddur sé skattur af gengishagnaði óháð innlausn. Við meðferð á breytingum á tekjuskattslögunum á Alþingi á árinu 2008 lagði endurskoðunarfyrirtækið PriceWaterhouseCooper fram athugasemd við frumvarpið en þar var einkum bent á að í lögunum er gengishagnaður og gengistap gert upp samkvæmt lagerreglu. Fyrirtækið tók þátt í vinnu á vegum Samtaka atvinnulífsins um endurskoðun á ákvæðum tekjuskattslaga varðandi skattlagningu gengishagnaðar. Niðurstaða þeirra vinnu að lagt var til að Ísland tæki upp innlausnarreglu sem meginreglu við skattlagningu gengishagnaðar (Samtök atvinnulífsins, 2008).

4.6 Aðferðir við að reikna gengishagnað

4.6.1 Kaup eða sölugengi

Þegar tekjur og gjöld eru umreiknuð úr erlendri mynt í íslenskar krónur skal miðað við það gengi sem skattaðili notaði við kaup eða sölu gjaldeyris. Ef um tekjur eða innborgun á kröfu er að ræða skal miða uppgjörið við kaupgengi, en ef um gjöld er að ræða þá er miðað við sölugengi banka (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2006).

4.6.2 Samsláttarreglan

Samsláttarreglan er grundvallarregla við gengisskattlagningu (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2006). Samkvæmt henni er ekki unnt að skilja gengisbreytingu frá viðskiptum, það ber að gera upp kaupverð og söluverð sem eina heild. Ekki er heimilt að aðskilja gengisþátt í söluverði þó hann sé jafnvel aðaluppspretta tekna og gjalda (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2006).

4.6.3 Tímamörk umreikningsskyldu

Þegar vörur eru keyptar erlendis frá eða seldar úr landi skal umreikna viðskiptin í íslenskar krónur miðað við gengið þegar afhending á sér stað. Við afhendingu ákvarðast sölu- eða kaupverð en þær breytingar sem verða á gengi eftir afhendingu hafa ekki áhrif á söluverðið heldur telst gengishagnaður eða gengistap eftir því hvort hækkun eða lækkun verður. Annað gildir þegar um varanlega rekstrarfjármuni er að ræða þá gildir dagsetning kaupsamnings varðandi ákvörðun sölu- eða kaupverðs (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2006).

5. Mismunur á skattskilum og reikningsskilum

Löggjöf og framkvæmd reikningsskila og skattskila getur verið með ólíkum hætti. Löggjöf um reikningsskil er í lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um bókhald nr. 145/1994, þar koma fram almennar viðurkenndar reikniskilavenjur (GAAP) og vísun í alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Löggjöf um skattskil eru tilgreind meðal annars í tekjuskattlögum nr. 90/2003 og virðisaukaskattlögum nr. 50/1988. Reikningsskil eru notuð til að gera ársreikninga fyrir fyrirtæki á meðan skattskil eru eingöngu notuð sem grundvöllur fyrir greiðslu skatta til ríkisins. Samspil reikningsskila og skattskila getur verið flókin og haft ólík áhrif (Norberg, 2007). Það sem er sammerkt með skattskilum og reikningsskilum, er að markmiðið í báðum tilfellum er að greina fjárhagslegan árangur af viðskiptum. Við skattlagningu kemur einkum til skoðunar hvað er lagt til grundvallar skattlagningu og hvenær kemur til skattlagningar (Norberg, 2007). Grunnur að skattskilum er í flestum tilfellum reikningsskil fyrirtækis en síðan eru gerðar breytingar á reikningsskilum til að uppfylla skilyrði skattskila. Það sem einkum greinir á milli skattskila og reikningsskila er mismunandi meðhöndlun varðandi mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum (Norberg, 2007). Þessi mismunandi meðhöndlun kann að leiða til þess að hagnaður samkvæmt ársreikningi er annar en í skattskilum. Skattareglur miða að því að einfalda skattskil með því að nota meginregluna um innlausn tekna og gjalda en það fer gegn meginreglum reikningsskila (Norberg, 2007).

Rökstuðningur fyrir því að nota almenna reikniskilastaðla eða virðisnálgun (value-based theory) í skattskilum er að skattlagning verður nær því að byggja á raunverulegum tekjum. Mótrök eru einkum að mat eigna er huglægt og getur því verið erfitt að skilgreina skattgrunn og með virðisnálgun í skattskilum geta óinnleystar tekjur verið skattlagðar. Reikningsskilastaðlar eru

flóknir og mörg ákvæði í þeim byggja á mati hverju sinni sem getur aukið deilur um skattskil (Norberg, 2007).

Mismunurinn á skattskilum og reikningsskilum getur annars vegar komið fram sem tímamismunur eða í varanlegum mismun. Tímamismunur verður vegna þess að skattskylda tekna á sér stað á öðru tímabili en færsla í reikningsskilum eða gjöld eru ekki frádráttarbær á sama tíma í skattskilum og reikningsskilum (Sturla Jónsson, munnleg heimild). Í reikningsskilum hefur verið lögð aukin áhersla á nákvæmari upplýsingar um rekstur fyrirtækis, allar tekjur og gjöld færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Þessi áhersla á raunfærslu í stað innlausnar í skattskilum hefur leitt til þess að reglur um reikningsskil og skattskil hafa verið að færast í sundur á liðnum árum (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003; Norberg, 2007). Varanlegur mismunur verður þegar tekjur samkvæmt rekstrarreikningi teljast ekki til skattskyldra tekna eða gjöld teljast ekki frádráttarbær frá skatti (Sturla Jónsson, munnleg heimild).

Við framkvæmd á meginreglu reikningsskila um að ársreikningur gefi glöggva mynd af eignum og skuldum, tekjum og gjöldum er stuðst við varkárnisregluna, um að meta eignir ekki hærra en tilhlýðilegt er og skuldir eins hátt og kostur er (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003, bls. 49). Innlausnarreglan er mikilvægur þáttur í varkárnisreglunni en samkvæmt henni skal ekki bókfæra tekjur fyrr en fullvíst má telja að þær hlotnist, en bóka má gjöld strax og þau eru líkleg. Ef lögaðili öðlast gengishagnað af innistæðu á erlendum bankareikningi er ekki fullvíst að þær hlotnist og ætti samkvæmt varúðarreglunni ekki að bókast fyrr en við innlausn. Gengistap ætti hinsvegar að bókast strax samkvæmt varúðarreglunni, það er því ósamræmi milli tímafærslu tekna og gjalda varðandi gengismun ef byggt er á varkárnisreglunni (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

6. EES samningurinn

Með inngöngu Íslands á Evrópska Efnahagssvæðið og aðild að EES samningnum árið 1994 með lögum nr. 2/1993, tókst Ísland á hendur skuldbindingar á ýmsum sviðum löggjafar um að samræma íslenska löggjöf við löggjöf Evrópusambandsins. Tilgangurinn var að búa til einsleitt Evrópsk efnahagsvæði og tryggja að samskonar reglur giltu í aðildarríkjunum og framkvæmd þeirra væri samræmd á þeim sviðum sem samningurinn tekur til (Davíð Þór Björgvinsson, 2008, bls. 160). Í 1. gr. laganna, þar segir: „Markmið þessa samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri

og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem nefnist hér á eftir EES.

Verði ósamræmi á milli íslensks réttar og ákvæða samningsins skuldbindur Ísland sig, eins og önnur EFTA ríki, til að tryggja að reglur EES samningsins gildi. Skv. 3. gr. samningsins segir: „Skýra skal lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.“ Þetta kemur einnig fram í bókun 35 með EES samningum (Þingskjal 1, 1992). Til að tryggja þetta var með EES samningnum sett á stofn eftirlitstofnun EFTA (ESA) og dómstóll EFTA stofnaður, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 3/1993. Tilgangurinn með ESA er að hafa eftirlit með því að EES ríkin virði skuldbindingar sínar samkvæmt EES samningnum (Eftirlitsstofnun EFTA, e.d.).

Ísland gekkst skv. EES samningnum undir að hlíta úrlausnum EFTA dómstólsins sbr. 108. gr. laga nr. 2/1993 við ágreining við Evrópusambandið og í reynd er efnislegt innihald samningsins einnig háð dómum dómstóls Evrópusambandsins. Er það í samræmi við 6. gr. EES samningsins en þar segir að við framkvæmd og beitingu ákvæða samningsins verði að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópusambandsins fyrir gerð EES samningsins. Reyndin hefur hinsvegar verið sú að það eru ekki aðeins dómar sem kveðnir voru upp fyrir undirritunardag EES samningsins sem skipta máli, heldur hafa dómsúrlausnir EFTA dómstólsins sýnt að dómstóllinn gerir ekki greinarmun á dómafordæmum dómstóls Evrópusambandsins fyrir og eftir undirritunardag EES samningsins (Davíð Þór Björgvinsson, 2006, bls. 316). Dómsúrlausnir dómstóls Evrópusambandsins hafa því mikil áhrif á túlkun EES samningsins.

6.1 Grundvallarreglur EES

Eitt af grundvallar atriðum samningsins kemur fram í 4. gr. samningsins um almennt bann við mismunun á grundvelli ríkisfangs eða þjóðerni, í 4. gr. segir: „*Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.*“. Í ákvæðinu felst að bannað er að mismuna eða meðhöndla aðila í sömu stöðu á mismunandi hátt án gilda efnislegra raka. Dómstóll Evrópusambandsins hefur talið að ákvæðið feli í sér bæði beina mismunun og ýmsar takmarkanir og hindranir fyrir því að nýta frelsisákvæði samningsins (Stefáns Már Stefánsson, 2006).

6.2 Fjórfrælsið

Annað grundvallaratriði samningsins er fjórfrælsið sem er í raun nánari útfærsla á ákvæðinu um bann við mismunun. Í fjórfrælsinu fellst að vöruviðskipti milli samningslandanna eru frjáls, för vinnuafli er frjáls, frjálsir fjármagnsflutningar og frjáls þjónustuviðskipti milli ríkja EES samningsins. Í formála samningsins kemur fram að stefnt er að því með samningnum að aðildarþjóðirnar komi sér saman um jafnræði gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjórþætta frælsið sem kveðið er á um í II og III hluta samningsins. Í reynd þýðir þetta að vettvangur atvinnustarfseminnar er ekki lengur bundinn við staðbundna heimamarkaði heldur er allur EES markaðurinn undir og þar eiga allir að sitja við sama borð hvað leikreglur snertir (Samtök iðnaðarins, e.d.).

6.3 Frjálsir fjármagnsflutningar

Reglurnar um frjálsa fjármagnsflutninga eru undirstaða banka- og fjármálastarfsemi þar sem sameiginlegur fjármálamarkaður áskilur að fyrirtæki hafi frjálsan aðgang til að notfæra sér þá þjónustu sem slíkar stofnanir bjóða upp á, þvert á landamæri og án allra ólögmættra takmarkana. (Jóhann Haukur Hafstein, 2006). Fyrir aðila að EES samningum hefur markmiðið um samræmda túlkun og beitingu sameiginlegra reglna mikla þýðingu, í því felst trygging fyrir því að aðilar geti gengið að því sem vísu að réttarframkvæmdin sé alls staðar hin sama (Jóhann Haukur Hafstein, 2006).

Hér verður einblínt á frjálst flæði fjármagns sem fjallað er um í 40. gr. samningsins en þar segir:

Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka eru nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

Frjálst flæði fjármagns er grundvöllur fyrir hinum þremur þáttum fjórfrælsisins. Ef frælsi til fjármagnsflutninga væri ekki til staðar myndi það geta komið í veg fyrir frælsi í vöru- og þjónustuviðskiptum, og hindrað yfirfærslu launagreiðslna frá einu ríki til annars (Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri, 1998). Dæmi um fjármagnsflæði milli landa er greiðsla fyrir vörur og þjónustu, beinar fjárfestingar, lánveitingar, lántökur.

6.4 Skattalöggjöf og EES samningurinn

Skattalöggjöf er grundvöllur tekjuöflunar hvers ríkis og því eru flest ríki treg til að semja frá sér það vald (Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 2007). Við gerð EES samningsins var skattamálum haldið utan við samninginn og miðað við að aðildarríki gætu hagað skattamálum sínum að vild. Er það í samræmi við þær reglur sem gilda innan Evrópusambandsins þar sem hvert land fer með skattlagningarvald. Mikil tregða hefur verið hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins til að samræma skattareglur þó framkvæmdastjórnin hafi beitt þrýstingi í þá átt (Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 2007).

Þó skattalöggjöf sé ekki hluti af EES samningum hafa meginreglur samningsins hinsvegar haft mikil áhrif á íslensk skattalög með vísan til þess að túlkun samningsins er háð dómum EFTA dómstólsins og eftir atvikum dómum Dómstóls Evrópudómstólsins. Má því segja að EES samningurinn og sú túlkun sem EFTA dómstóllinn hefur innleitt, setji aðildarríkjum EES samningsins ákveðnar skorður við framkvæmd skattamála sinna. Ekki er að finna ákvæði í EES samningnum um hvernig löggjöf um skattlagningu skuli háttáð innan aðildarlanda samningsins. Það er þó ljóst að almennar reglur samningsins, einkum þær sem snúa að fjórfrelsinu og reglan um almennt bann við mismunum á grundvelli þjóðernis (4.gr.) setja takmarkanir á heimildir stjórnvalda til haga skattamálum sínum hvernig sem er.

EFTA-dómstóllinn hefur hafnað því að skattareglum beri að halda utan við samninginn og segir að líta verði til áhrifa reglnanna þegar metið er hvort þær stríði gegn almennum ákvæðum EES samningsins (Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 2007). EFTA dómstóllinn hefur fylgt nokkuð föstum reglum þegar metið er hvort skattareglur standast gagnvart almennum ákvæðum. Það fyrsta sem dómstóllinn metur er hvort í skattaákvæði felist mismunum eða takmörkun á notkun á ákvæðunum um fjórfrelsið. Ef grein telst fela í sér mismunum eða takmörkun á fjórfrelsinu er metið hvort það telst réttlætanlegt úr frá einhverju lögmætu sjónarmiði. (Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 2007). Við mat á því hvort um brot á fjórfrelsinu sé að ræða hefur EFTA dómstóllinn yfirleitt horft einangrað á umdeild ákvæði. EFTA dómstóllinn hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu að reglur séu brot á EES samningnum þótt þær feli ekki í sér beina mismunum, nóg að þau komi harðar niður á erlendum aðilum en þeim innlendu, þetta telst vera óbein mismunum ((Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 2007; Stefán Már Stefánsson, 2006).

Eftir ábendingar eftirlitsstofnunarinnar ESA og á grundvelli dóma EFTA dómstólsins hafa íslensk stjórnvöld gert ýmsar breytingar á skattalöggjöf sinni (Ingvi Már Pálmason, 2006). ESA gaf í desember 1999 út rökstutt álit um að 78. gr. laga um tekju og eignaskatt bryti í bága við ákvæði EES samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga en skv. greininni var greinarmunur gerður á innlendum og erlendum hlutabréfum. Ákvæðinu var breytt í kjölfarið. Þá hafa verið gerðar breytingar á virðisaukaskattslögum í kjölfar dóms EFTA dómstólsins. Skv. dómnum var talið að sú tilhögun að mishár skattur væri lagður á bækur á íslensku og erlendum tungumálum bryti gegn 14. gr. EES samningsins, einnig hefur verið úrskurðað að ákvæði laga nr. 31/1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála um að flugvallaskattur væri mishár eftir því hvort flogið var innanlands eða utanlands, væri í andstöðu við 36. gr. EES samningsins (Ingvi Már Pálmason, 2006, bls. 4–6).

Þrátt fyrir að tilvik geti takmarkað fjórfrelsið þá geta verið lögmæt sjónarmið sem réttlæta þær takmarkanir eða hindra beitingu fjórfrelsisins. Evrópuþingurinn hefur tekið fram að til þess að ákvæði teljist lögmætt eða ekki, þurfi það að fullnægja fjórum skilyrðum (Jóhann H. Hafstein, Bryndís Hlöðversdóttir, og Unnar Steinn Bjarnald, 2006). Skilyrðin eru:

- Má ekki fela í sér mismunun
- Rökstutt með tilvísun til óhjákvæmilegra þjóðfélagskrafa í almannabágu
- Vera til þess fallið að hægt sé að ná því markmiði sem að var stefnt.
- Takmarkanir gangi ekki lengra en nauðsyn krefur til að ná yfirlýstum markmiðum.

EFTA dómstóllinn hefur í mörgum dómum tekið afstöðu til hvort skattareglur byggi á lögmætum eða ólögmætum forsendum og þannig varpað ljósi á þær meginreglur sem virða ber innan skattaréttarins. Sjónarmið sem skattyfirvöld hafa einkum haldið á lofti má skipta í þrjá flokka sem þó eru ekki tæmandi: fyrsta lagi sjónarmið sem lúta að þörfinni fyrir heildstætt skattkerfi, öðru lagi innra samræmi skattkerfisins, þörf fyrir að koma í veg fyrir skattsniðgöngu eða undanskot og þriðja lagi þörf fyrir að halda uppi virku skatteftirlit (Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 2007).

6.4.1 Heildstætt skattkerfi

Skattyfirvöld hafa haldið því fram að umdeilt fyrirkomulag sé nauðsynlegt til að tryggja innbyrðis samræmingu í reglum en Evrópudómstóllinn hefur verið tregur til að samþykkja reglur sem takmarka fjórfrelsið á þessum grundvelli (Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 2007).

Það hefur skýrt komið fram í dómum að ekki er heimilt að takmarka fjórfrelsið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að eitt ríki verði af skatttekjum og þar með talið að skattskylda færist yfir til annars aðildarríkis. Í máli gegn sænskum skattyfirvöldum kom fram að markmið með lögunum var að koma í veg fyrir að tekjum yrðu skotið undan sænskri skattlagningu. Niðurstaða dómsins var að hvorki skráðar né óskráðar reglur sem byggðar eru á verndun brýnna almannahagsmuna gætu takmarkað fjórfrelsið á þessum grundvelli. Dómurinn taldi einnig að reglurnar væru of víðtækar og brytu gegn meðalhófsreglunni (Ingibjörg Þorsteinsdóttir, 2007; Stefán Már Stefánsson, 2006).

6.4.2 Skattsniðganga og undanskot

Staðfest hefur verið í nokkrum dómum að heimilt sé að setja reglur sem hafa það markmið að koma í veg fyrir ólögmat undanskot frá skatti og brjóta með þeim reglum fjórfrelsið. Það verður þó ætíð að byggja á þeim fjórum meginskilyrðum sem hér að ofan greinir.

6.4.3 Virkt skattaeftirlit

Evrópuþingurinn hefur fallist á að brýnir almannahagsmunir felist í virku skatteftirliti sem geti af þeim sökum réttlætt takmarkanir á fjórfrelsisákvæðum sáttmálans en strangar kröfur eru gerðar til þess að reglur gangi ekki lengra en nauðsynlegt er.

7. Kafli II. Skattaleg framkvæmd á Íslandi

7.1 Uppgjörsaðferðir fyrirtækja

Gengishagnaður og gengistap fyrirtækja fellur að mestu leyti til vegna viðskiptakrafna og viðskiptaskulda, langtímalána og peninga á bankareikningum í erlendri mynt (Lúðvík Þráinsson, munnleg heimild). Í bókhaldi fyrirtækja er einkum notast við tvær aðferðir við færslu á gengismun en áhrifin geta verið ólík eftir því hvort um kröfu eða skuld er að ræða. Önnur aðferðin byggir á því að sérstaklega er haldið utan um kröfur og skuldir í erlendri mynt. Þegar krafa er greidd, þá er mismunur á verðmæti kröfunnar í krónum talið á söludegi og þeirri fjárhæð

sem var innheimt, færð sem gengismunur á þeim degi þegar greiðsla á sér stað (Sturla Jónsson, munnleg heimild). Ef dæmi er tekið um sölu á vöru í dönskum krónum þá er sú sala færð í fjárhagsbókhald fyrirtækis til tekna í íslenskum krónum miðað við gengi á söludegi og mótbókun er á viðskiptareikning viðkomandi aðila í með sömu upphæð. Þegar krafan er greidd þá er upprunaleg fjárhæð færð út af viðskiptareikningi með mótbókun inn á bankareikning. Fjárhæðin sem er færð inn á bankareikninginn tekur mið af gengi á greiðsludegi og ef gengið hefur breyst frá söludegi myndast gengistap eða gengishagnaður. Mismunur á upphæð kröfu frá söludegi til greiðsludags er færður inn á sérstakan fjárhagslykil fyrir gengismun, sjá meðfylgjandi dæmi A.

Tafla 1. Dæmi A um færslu gengismismunar

Skýring	Dags.	Gengi	Upphæð í Dkr.	Sala (Íkr.)		Viðskiptakröfur		Banki (Íkr.)		Gengishagnaður/tap	
				Debit	kredit	Debit	kredit	Debit	kredit	Debit	kredit
Sala í dkr. fært til tekna í íkr. og viðskiptafærð	jan	22	500		11.000	11.000					
Viðskiptakrafa greidd og mismunur færður á uppgjörareikning	mars	24,1	500			11.000		12.050			1.050
Sala í dkr. fært til tekna í íkr. og viðskiptafærð	apríl	23,5	600		14.100	14.100					
Sala í dkr. fært til tekna í íkr. og viðskiptafærð	jan	22,9	600			14.100		13.740		360	

Hin aðferðin, sem er líklegast algengari, er að innborganir eru bókaðar í heild sinni á viðskiptakröfur óháð gengisbreytingum (Sturla Jónsson, munnleg heimild). Um áramót er síðan gerð uppgjörfærsla þar sem heildarmismunur á viðskiptareikningi er færður á gengismun. Mismunur þessara aðferða felst í því að í fyrri aðferðinni er gengismunur færður í hverri færslu en í þeirri síðari er hann eingöngu færður í árslok. Í flestum tilfellum nota fyrirtæki bókhaldskerfi sem sjá um útreikning gengismunar sjálfvirkt (Lúðvík Þráinsson, munnleg heimild). Sjá meðfylgjandi dæmi B.

Tafla 2. Dæmi B um gjaldfærslu gengismunar

Skýring	Dags.	Gengi	Upphæð í Dkr.	Sala (Íkr.)		Viðskiptakröfur		Banki (Íkr)		Gengishagnaður	
				Debit	kredit	Debit	kredit	Debit	kredit	Debit	kredit
Sala í dkr. fært til tekna í ikr. og viðskiptafærð	jan	22	500		11.000	11.000					
Viðskiptakrafa greidd og mismunur færður á uppgjörreikning	mars	24,1	500				12.050	12.050			
Sala í dkr. fært til tekna í ikr. og viðskiptafærð	apríl	23,5	600		14.100	14.100					
Sala í dkr. fært til tekna í ikr. og viðskiptafærð	jan	22,9	600				13.740	13.740			
Samtals						25.100	25.790				
Uppgjörsfærsla						690					690

Ef annað dæmi er tekið um skattaðila sem tekið hefur 100.000 kr. lán í erlendri mynt. Hann greiðir reglulega sömu afborgun af láninu í erlendri mynt en heildargreiðslan getur verið ólík í íslenskum krónum frá einni afborgun til annarrar. Ástæðan er að gengið getur verið breytilegt milli afborgana en gengið við greiðslu síðustu afborgunar skiptir ekki máli (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2006). Í neðangreindu dæmi er afborgun 20.000 evrur á mánuði en í íslenskum krónum er afborgunin frá því að vera um 3,1 milljón í 3,5 milljónir á mánuði í íslenskum krónum sem er fært til lækkunar á höfuðstól lánsins. Í lok árs er gerð uppgjörfærsla þar sem mismunur á bókhaldslyklinum, þ.e upphafleg lántaka í íslenskri mynt að frádrögnum afborgunum ársins, er færð á sérstakan bókhaldslykil, gengismunur, í þessu dæmi eru samtals 954.000 kr.

Tafla 3. Gengismunur af láni

	Upphæð	Gengi	Bókhaldslykill: Lán	Bókhaldslykill: Banki	Bókhaldslykill: Gengismunur
Evrulán er tekið í 1. janúar 2011	-100.000	180,34	-18.034.000	18.034.000	
Afborganir					
1. febrúar 2011	20.000	178,12	3.562.400	-3.562.400	
1. mars 2011	20.000	175,15	3.503.000	-3.503.000	
1. apríl 2011	20.000	172,31	3.446.200	-3.446.200	
1. maí 2011	20.000	170,46	3.409.200	-3.409.200	
1. júní 2011	20.000	157,96	3.159.200	-3.159.200	
Samtals afborganir			17.080.000	-17.080.000	
Lokafærsla um áramóta			954.000		-954.000
Lokastaða 31. des			0	954.000	-954.000

7.2 Uppgjör í árslok

Í lok hvers árs eru allar kröfur, skuldir og eignir á bankareikningi í erlendri mynt endurmetnar miðað við gengi í árslok. Endurmeta skal hverja kröfu, skuld eða eign miðað við breytingar á þeim innan ársins. Tekið er mið af gengi við upphaf kröfu eða skuldar og gengi í árslok, mismunur er færður á sérstaka gengisreikninga til tekna eða gjalda. Þessi framkvæmd byggir á lagerreglunni eins og lýst var hér að ofan. Erfitt getur reynst að reikna breytingar á hverri einustu færslu innan ársins hjá stærri fyrirtækjum þar sem fjöldi færsla er mjög mikill, venjan er þá að reikna gengismun miðað við stöðu í árslok (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

7.3 Framkvæmd við dreifingu á gengishagnaði og gengistapi til þriggja ára

Þegar búið er endurmeta allar fjárhæðir sem byggja á erlendri mynt þá skal sbr. 2. mgr. 5.tl. 8.gr. dreifa gengistapi og gengishagnaði á þrjú ár. Áður en til dreifingar kemur er gengistapi og gengishagnaði jafnað á móti hvoru öðru og mismuninum dreift á þrjú ár. Hér er um skyldu að ræða og skiptir þá ekki máli hvort fyrir liggja gengistap frá fyrra ári. Það getur því komið sú staða að fyrirtæki þurfi að greiða gengishagnað frá fyrra ári þrátt fyrir að gengistap, þar sem skylda er að dreifa gengistapinu. Hér er sett fram dæmi um fyrirtæki sem dreifir gengishagnaði og gengistapi til þriggja ára. Fyrirtækið greiðir skatt af gengishagnaði þrátt fyrir að eiga skattalegt tap vegna gengistaps vegna þeirra skyldu að dreifa bæði gengistapi og gengishagnaði. Ef reglan væri ekki skylda heldur heimild eins og almennt er um frestunar heimildir þá myndi fyrirtækið í neðangreindu dæmi ekki borga skatt nema á fyrsta ári, kr. 300, á ári tvö myndi gengistap jafna út frestun á gengishagnaði frá árinu á undan.

Tafla 4. Dæmi um dreifingu gengishagnaðar og gengistaps

Ártal	Gengishagnaður		Dreifing á ári		Eftirstöðvar dreifingar	
	Debit	Kredit	Debit	Kredit	Debit	Kredit
2009		900		300		300
2010				300		600
2011				300		0

Ártal	Gengistap		Dreifing á ári		Eftirstöðvar dreifingar	
	Debit	Kredit	Debit	Kredit	Debit	Kredit
2011			0			
2010	600		200		400	
2011			200		200	
2012			200		0	

Ártal	Greiddur skattur	
	Inneign	Geiðsla
2011		300
2010		100
2011		100
2012	200	

Almenn regla tekjuskattslaganna er að frestunarmeildir eru eingöngu til staðar ef búið er að jafna yfirfæranlegt tap félagsins, það er ekki er hægt að mynda neikvæðan skattstofn með frestun, sbr. 15 gr. tsk., en þar segir „Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæraleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð“. Reglan um dreifingu gengishagnaðar fer því gegn þeirri meginreglu en þar skal fresta þó að skattstofn sé neikvæður. Getur verið að það sé í raun sérstök skattlagning að lögaðili hafi ekki heimild til að draga frá tap sbr. 59. gr. tsk. á móti hagnaði eins og almenna reglan er?

Gengisreikningur í fjárhagsbókhalda fyrirtækja tekur breytingum frá einum tíma til annars miðað við breytingar á gengi hverju sinni, niðurstaða reikningsins er því aldrei föst tala. Það getur því verið verulegum erfiðleikum bundin að fylgjast með efndum á skattlagningu gengishagnaðar að mati endurskoðenda (PricewaterhouseCooper, 2008).

7.4 Álitamál við uppgjör

Það eru mörg álitamál sem hafa komið upp við uppgjör á kröfu eða skuld í erlendri mynt í kjölfar efnahagshrunsins og dóma Hæstaréttar þar sem lán í erlendri mynt voru talin ólögmat, sbr. Hrd.

153/2010. Skattaleg meðferð þessara mála er með ólíkum hætti eftir því hvort um sé að ræða löglegt lán sem er gefið eftir eða um lán sem dæmt hefur verið ólögmaett.

7.4.1 Eftirgjöf skuldar til rekstraraðila

Meginreglan er að eftirgjöf láns telst að fullu til skattskyldra tekna hjá þeim sem hlýtur eftirgjöf samkvæmt tekjuskattslögunum (Sturla Jónsson, munnleg heimild). Með bráðabirgðalögum frá 24. júní 2010 voru sett lög um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda. Ástæða þess að lögin voru sett var hið óvenjulega ástand sem varð á lánamörkuðum í kjölfar efnahagshrunins (Þingskjal 1259, 2009). Í bráðabirgðaákvæði XXXVI í tsk. er gefin heimild til að tekjufæra aðeins hluta af eftirgjöf skuldar ef til skuldanna hafi verið stofnað í beinum tengslum við atvinnurekstur.

Skilyrði fyrir takmörkun á tekjufærslu er að rekstrartap ársins og yfirfæranlegt rekstratap hafi fyrst verið jafnað sbr. 4. tl. XXXI. Þá er einnig er gefin heimild til að sérstakrar fyrningar eigna á móti tekjufærslu vegna eftirgjafar skuldar á því ári sem eftirgjöf er færð til tekna í skattframtali. Ef enn standa eftir tekjur vegna eftirgjafar skuldar þegar ofangreind atriði hafa verið nýtt, er gefin heimild til þess að tekjufæra aðeins 50% af eftirgjöf skuldar upp að 50 miljónum króna og 75% af eftirgjöf umfram 50 miljónir króna (KPMG á Íslandi, 2011).

7.4.2 Eftirgjöf skulda til einstaklinga

Kveðið er á um eftirgjöf skulda einstaklinga utan rekstrar í 3. tl. 28. gr. tsk. en þar eru tilgreind skilyrði sem þurfa að vera til staðar svo ekki komi til tekjufærslu vegna eftirgjafar. Skilyrði er að eftirgjöf hafi orðið til vegna nauðasamninga, nauðasamninga til greiðsluaðlögunar eða í sérstökum öðrum tilvikum sem uppfylla skilyrði sbr. reglugerð nr. 534/2009. Í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar segir að ef engar eignir eru til fyrir skuldum eða allar eignir eru yfirveðsettar teljist eftirgjöf skulda ekki til tekna. Þetta ákvæði var sett sem viðbótarúrræði því almennt tekur 28. gr. ekki til eftirgjafar skulda í frjálsum samningum (Þingskjal 1259, 2009). Ríkisskattstjóri hefur staðfest með ákvörðun sinni nr. 005/2011 er varðar niðurfellingu skuldir einstaklinga utan atvinnurekstrar séu ekki andlag skattlagningar þar sem um breytingu á skilmálum lánsins en ekki eiginlega eftirgjöf skuldar í skilningi tekjuskattslaga (Ríkisskattstjóri, 2011).

7.4.3 Ólögmaett lán

Í 8 tl. XXXIV gr. tsk. segir að ef skilmálum í lánasamningi rekstraraðila eða sjálfstætt starfandi manna sé breytt með þeim hætti að höfuðstóll láns lækkar í kjölfar þess að lán miðast við íslenskar krónur í stað erlends gjaldmiðils þá telst það skilmálabreyting en ekki eftirgjöf skuldar,

enda sé skilmálabreytingin á málefnalegum forsendum. Ef slík skilmálabreyting er gerð skal rekstraraðili leiðrétta áður færðan fjármagnskostnað til samræmis skv. 8 tl. XXXVI. Slík leiðrétting getur haft mikil áhrif á skattstofn rekstraraðila en ekki kemur skýrt fram hvenær slík leiðrétting eigi að fara fram (Nordik, e.d.). Leiðréttingin getur farið fram á því tekjuári sem niðurfelling er gerð eða með því að leiðrétta framtöl fyrri ára (Nordik, e.d.). Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra nr. 6/2011 segir að það sé mat skattstjóra að leiðrétting á fjármagnskostnaði skuli eiga sér stað á framtali þess árs sem niðurfelling er gerð. En þar segir:

Að mati ríkisskattstjóra ber við framangreindar aðstæður að færa leiðréttingu á skattframtal á því ári þegar endurreikningur lánanna fer fram, enda liggur ekki fyrir fyrir en á þeim tíma að hve miklu leyti kostnaður hefur verið offærður miðað við nýja stöðu láns. Fjármagnskostnaður sem færður hefur verið til gjalda á fyrri árum í samræmi við þá gildandi lagareglur stendur þannig óhaggaður á framtölum viðkomandi ára. Rétt er að taka það sérstaklega fram að leiðréttingin skal alfarið bundin við þann fjármagnskostnað sem þegar hefur verið gjaldfærður í rekstrinum, s.s. vaxtakostnað, verðbætur og kostnað vegna gengismismunar.

Hvað telst til fjármagnskostnaðar er ekki skýrt kveðið á um í lögnum en sé tekið mið af ofangreindri ákvörðun Ríkisskattstjóra og lögnum ásamt ummælum í greinargerð með lögnum má telja ljóst að gengishagnaður telst til fjármagnskostnaðar (Nordik, e.d.). Leiðrétting í kjölfar niðurfellingar gengistryggingar á láni rekstraraðila veldur því að skattstofn hans hækkar og getur þannig haft veruleg áhrif á skattgreiðslur hans (Nordik, e.d.).

8. Kafli III. Niðurstaða rannsóknarspurningar

8.1 Þróun íslensku krónunnar og áhrif á skattlagningu

Íslenska krónan er lítil gjaldmiðli í alþjóðlegum samanburði og sveiflast mun meira en aðrir gjaldmiðlar (Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri, 2002). Miklar sveiflur hafa verið á gengi íslensku krónunnar á undanförunum árum, þá sérstaklega frá 2008.


Gengisvísitala Seðlabankans var 112,7 á árinu 2000 en 215,1 2009. Á árunum 2002 til 2006 styrktist íslenska krónan gagnvart dollar um allt að 16% milli ára. Þetta hafði í för með sér verulegt gengistap til fyrirtækja sem seldu vörur á alþjóðlegum mörkuðum. Á móti

lækkaði kostnaður hjá fyrirtækjum sem keyptu inn vörur í erlendri mynt eða greiddu af láni í erlendri mynt, en afborganir lána lækkaðu miðað við íslenskar krónur. Styrking krónunnar á þessum árum myndaði gengishagnað hjá fyrirtækjum með tilheyrandi skattlagningu. Á árunum 2008 til 2009 féll íslenska krónan verulega eða um 45% gagnvart evru og um 40% gagnvart dollara sem hafði gríðarlegt gengistap í för með sér fyrir mörg fyrirtæki.

Þessi veiking íslensku þróunar hafði jákvæð áhrif á sjávarútvegsfyrirtæki sem seldu framleiðslu sína að mestu leyti til útlanda, en þessar gengissveiflur höfðu lítil áhrif á skattlagningu gengishagnaðar hjá þeim þar sem uppgjör þeirra var í erlendri mynt. Í kjölfar þessara miklu sveifla var tekjuskattslögunum breytt þannig að fyrst var gefin heimild til frestunar á gengishagnaði en breytt aftur á árinu 2008 þegar skylda var sett um dreifingu á gengishagnaði og gengistapi á þrjú ár.



Mynd 1. Gengisþróun íslensku krónunnar á móti dollar og evru. (Heimild: Seðlabanki Íslands)



Mynd 1. Gengisbreyting á milli ára. (Heimild: Seðlabanki Íslands)

8.2 Hefur skattlagning á gengishagnaðar áhrif á hegðun fyrirtækja?

Með aukinni þátttöku íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum hafa tekjur, gjöld og fjármögnun fyrirtækja aukist mikið í erlendri mynt. Þessi þróun hefur leitt til þess að gengissveiflur íslensku krónunnar hafa leitt til mikillar óvissu og kostnaðar í rekstri fyrirtæki. Til að bregðast við þessari þróun var gerð breyting á ársreiknings- og tekjuskattslögunum á þá leið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum geta fyrirtæki sótt um heimild til að gera upp í þeirri mynt sem er þeirra aðal starfrækslummynt, í flestum tilfellum evrum. Í rökstuðningi með frumvarpinu segir að „Frumvarp þetta er lagt fram í ljósi þess ástands sem nú ríkir í efnahagslífi landsins og þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á gengi íslensku krónunnar á árinu 2008“ (Þingskjal 285, 2008). Með því að veita fyrirtækjum heimild til að gera upp í erlendi mynt er þeim gert mögulegt að draga úr óæskilegum gengisáhrifum á rekstrarafkomu og eiginfjárlutfall (Viðskiptaráð Íslands, 2008). Önnur ástæða fyrir heimild til uppgjörs í erlendri mynt var einnig sú að gera fyrirtækjum sem stunda mikil erlend viðskipti kleift að uppfylla kröfur laga um ársreikninga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem gera kröfu um að reikningsskil félaga sýni glöggva mynd af starfsemi félagsins (Þingskjal 285, 2008).

Erlendir fjárfestar hafa sýnt áhuga á að fjárfesta á Íslandi en hafa í mörgum tilfellum hætt við fjárfestingar hér á landi vegna mikillar óvissu í rekstrar og pólitísku umhverfi hér á landi. Ein mikilvæg leið til þess er að draga úr óvissu er að gefa fyrirtækjum heimild til að gera upp í erlendri mynt til að styrkja stöðu íslenskra fyrirtækja og gera þau álitlegri fjárfestingarkost fyrir erlenda fjárfesta (Viðskiptaráð Íslands, 2008).

Fyrirtæki sem voru með lán í erlendri mynt en tekjur aðallega í íslenskum krónum hafa breytt þeim lánum úr erlendri mynt í íslenskar krónur í kjölfar endurskipulagningar (Lúðvík Þráinsson, munnleg heimild). Mat endurskoðenda er að skattlagning gengishagnaðar og aukinn áhætta í rekstri fyrirtækja hafi stuðlað að því fyrirtæki hafa breytt lánum sínum í íslenskar krónur. En skattlagning gengishagnaðar hefur ekki leitt til þess að fyrirtæki hafi fært eignir sínar í erlendri mynt í íslenskar krónur heldur hafa talið það kost að eiga eignir í erlendri mynt, aðallega sem öryggisatriði (Lúðvík Þráinsson, munnleg heimild).

Spyrja má hvort hægt sé að réttlæta að skattalega meðferð gengishagnaðar og gengistap vegna þessara miklu breytingar á gengi íslensku krónunnar og þeirra mikil áhrif sem breytingarnar hafa á bæði lögaðila og einstaklinga sem eiga eignir í erlendri mynt? Með því að gefa lögaðila að

vissum skilyrðum uppfylltum heimild til uppgjors í erlendir mynt er verið að gefa þeim fyrirtækjum möguleika á skattalegu hagræði með því að komast hjá gengissveiflum á íslensku krónunni. Deila um hvort þessar reglur séu eðlilegar og sanngjarnar gagnvart öðrum félögum sem ekki uppfylla skilyrðin, samkeppnisstaða þeirra er verri bæði gagnvar íslenskum og erlendum fyrirtækjum sem gera upp í öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunnar. En er rétt að benda á að ef félag gerir upp í erlendri mynt skal taka ársreikning félagsins og umbreyta upphæðum í íslenskar krónur. Í skattskilum eru upphæðir alltaf í íslenskum krónum og ef tap er á rekstrinum er upphæð yfirfæranlegs tap fastsett miðað við upphaflegu gengi sem getur haft áhrif á skattskil næstu ára á eftir.

Samkvæmt reglugerð 101/2007 er gerð undantekning hvað varðar heimild til lánastofnana til uppgjors í erlendum gjaldmiðli. Ársreikningaskrá skal leita umsagnar Seðlabanka Íslands um beiðni lánastofnanna um uppgjör í erlendri mynt en umsögn Seðlabankans hefur mikil áhrif á ákvörðun ársreikningskrá þó hún sé ekki bindandi eins og kemur fram í höfnun til Kaupþings til uppgjors í erlendri mynt á árinu 2008 en þar lagðist Seðlabankinn alfarið gegn slíkri heimild (Seðlabanki Íslands, 2007).

8.3 Af hverju er ólík skattaleg meðferð á gengishagnaði einstaklinga og lögaðila?

Það er almenn reglan að gerður sé greinarmunur á skattalegri meðferð einstaklinga og fyrirtækja og því má rökstyðja slíkan mun varðandi meðferð gengishagnaðar. Í kaflanum um gengishagnað hér að ofan er greint frá mismunandi löggjöf um skattlagningu gengishagnaðar eftir því hvort um einstakling eða fyrirtækja er að ræða. Þar kom fram að það er einkum þrennt sem greinir að skattalega meðferð gengishagnaðar fyrirtækja og fyrirtækja, skilyrðið um innlaun eða ekki, heimild til að draga frá gengistap og skilyrðið um frestun gengishagnaðar á þrjú ár. Það er því grundvallar munur á einstaklingi og lögaðila enda getur lögaðilinn verið með eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli í efnahagsreikningi sínum og hefur heimild til þess að láta reiknaðan gengishagnað jafnast út á móti gengistapi.

8.4 Er gengishagnaður tekjur?

Samkvæmt skilgreiningu tekjuskattlagana er byggt á því að um aukningu á gæðum eða eignum sé að ræða en gengishagnaður getur vart fallið undir það skilyrði þar sem engin aukning verður á eign miðað við erlenda mynt. Engin dómafordæmi eru til um afstöðu dómstóla til skattlagningar

gengishagnaðar en lögð hefur verið fram kæra af Samtökum fjárfesta á Íslandi hjá Eftirlitsstofnun EFTA vegna þessara skattlagningar. Rökstuðningur þeirra fyrir kærinni er að gengismunur geti ekki talist tekjur og því ekki grunnur að skattlagningu (Samtök fjárfesta, 2010). Í niðurstöðu Eftirlitstofnunarinnar EFTA var ekki tekin afstaða til þessa heldur eingöngu vísað til gildandi tekjuskattslaga (EFTA Surveillance Authority, 2011). Samtök fjárfesta á Íslandi sendu frekari rökstuðning til ESA þar sem segir að grundvöllur skattlagningar af gengishagnaði byggist hvorki á eignaaukningu eða þjónustu sem hann fær af hálfu hins opinbera heldur miðast skattlagningin við breytingu á reikningseiningu sem nefnd er íslensk króna (Vilhjálmur Bjarnason, 2012). Ennfremur segir í bréfinu að það verði ekki séð hvernig umreikningur vegna breytinga á gengi krónunnar geti orðið andlag skattlagningar. Dæmi sem Samtök fjárfesta á Ísland settu fram í bréfinu til EFTA segir að „gengi íslensku krónunnar fellur um 20%, þ.e. verð krónunnar hækkar um 25%, og skatthlutfall er 20%, eins og nú er á Íslandi, fellur til skattur sem nemur 5% af eigninni án þess að nokkru sinni hafi til hafi komið tekjur eða eignaaukning af nokkru tagi.“ Í niðurstöðu bréfsins segir að skattlagning gengishagnaðar einstaklinga sé eignarnám og tæknileg hindrun í frjálsum viðskiptum (Vilhjálmur Bjarnason, 2012).

Skattayfirvöld hafa á undanförunum árum ekki gengið hart eftir að einstaklingar greiði af gengishagnaði, það var fyrst 2011 sem bankarnir voru skyldaðir til gefa upplýsingar til skattayfirvalda um gengishagnaði einstaklinga. Ekki er komin reynsla á þetta í framkvæmd þar sem í fyrsta sinn í skattskýrslu 2012 sem upplýsingar koma fram sjálfvirkir frá bönkunum upplýsingar um gengishagnað viðskiptavini þeirra (Lúðvík Þráinsson endurskoðandi, munnleg heimild).

8.5 Af hverju er skattlagning gengishagnaðar fyrirtækja ekki við innlaun ?

Við rannsókn á afstöðu lögaðila og annarra hagsmunaaðila til skattlagningar gengishagnaðar var almenn afstaða þeirra sú að aðilar töldu almennt skattlagningu gengishagnaðar lögaðila væri í samræmi við þá almennar reglur um meðhöndlun á tekjum og gjöldum fyrirtækja (Bjarni Már Gylfason hagfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, Jónas Guðbjörnsson fjármálastjóri, munnleg heimild). Gengishagnaður og gengistap jafnast yfir lengra tímabil út á móti hvort öðru og hefur af þeim sökum minni áhrif en ella. Til skamms tíma væru hinar miklu sveiflur í íslensku krónunni erfiðar fyrir rekstur fyrirtækja sem stunduðu mikil erlend viðskipti, sem reynt hefur

verið að bregðast við með að dreifinga skattlagningar á þrjú ár (Bjarni Már Gylfason hagfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, Jónas Guðbjörnsson fjármálastjóri, munnleg heimild).

Að mati endurskoðenda er aðferð við endurmat eigna og skulda í lok árs sambærileg og við mat á vaxtatekjum og verðbótum um áramót (Lúðvík Þráinsson og Sturla Jónsson, munnleg heimild). Áfallnar en óinnleystar vaxtatekjur, vaxtagjöld og verðbætur eru reiknaðar miðað við stöðu um áramótin og færðar til tekna eða gjalda eftir því sem við á hverju sinni. Skattaleg meðferð vaxtatekna og skulda hefur tíðkast lengi og sama aðferð hefur verið beitt á gengisbreytingar (Sturla Jónsson endurskoðandi, munnleg heimild). Það er þó grundvallarmunur á vöxtum, verðbótum annars vegar og gengismun hins vegar, krafa hefur myndast til vaxta og verðbóta en engin krafa til gengishagnaðar. Þegar miklar sveiflur er í gengi gjaldmiðils eins og gengi íslensku krónunnar þá getur áfallinn gengishagnaður í einum tíma gengið til baka daginn eftir og enn meiri líkur til að gengið hafi hækkað eða lækkað verulega að ári liðnu. Gengishagnaður er ekki viss fyrir en við innlausn og því spurning hvort tekjur af gengisbreytingu séu ekki óvissar tekjur í skilningi 59. gr. tsk., sérstaklega með tilliti til þeirra miklu gengissveiflna sem eru á gjaldmiðlinum.

8.6 Munur á vaxtatekjum og gengishagnaði

Fjármagnstekjur eins og vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður eru að mörgu leyti ólíkar þó skattaleg meðferð þeirra sé hin sama. Vaxtekjur og verðbætur falla til samkvæmt samningi eða öðrum skilmálum og krafa myndast á sama tíma á þriðja aðila. Dæmi: Fyrirtæki á peningafjárhæð inn á banka sem ber 5% vexti samkvæmt samningi og myndast samhliða krafa á bankann að greiða áfallna vexti á tilteknum tíma. Sama gildir ekki ef fyrirtækið á fjárhæð í erlendri mynt, um áramót reiknast gengishagnaður á fjárhæðina en engin krafa myndast á bankann eða aðra að greiða þann gengishagnað heldur þvert á móti gæti myndast gengistap seinna þegar fjárhæðin er tekin út af reikningum. Ekki er að finna í dómum Hæstaréttar eða ákvörðunum yfirskattanefndar hvort skattlagning áfallins gengishagnaðar fari gegn 7. gr. tsk.

8.7 Er skattlagning gengishagnaðar brot á fjórfrelsis ákvæðum EES samningsins?

Samtök fjárfesta sendu kæru til Eftirlitstofnunar EFTA (ESA) um að skattlagning gengishagnaðar einstaklinga væri brot á fjórfrelsis ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. ESA hafnaði því að um brot á fjórfrelsinu væri að ræða í svari við kærinni (EFTA Surveillance

Authority, 2011). ESA vísar í svari sínu til þess að skv. lögum 22/1968 sé íslenska krónan lögeyrir á Íslandi og því sé eðlilegt að telja að það sé hagnaður fyrir íslenskan aðila þegar hann hefur hagnað að kaupum og sölu á íslenskum krónum. ESA vísar til þess að aðildarríki hafi heimild er til þess að haga skattamálum að vild ef þau mismuna ekki þegnum innan samningsins og telur að ekki sé um mismunun að ræða varðandi skattlagningu gengishagnaðar (EFTA Surveillance Authority, 2011). Spurning er hinsvegar hvort að EFTA dómstólinn verði samþykkur þessari afstöðu ESA ef málinu verður vísað þangað. Ef svarið er lesið í heild má sjá að þar er forðast að taka skýrt á álítaefninu svo að jafnvel má telja að hér sé um pólitískt svar að ræða. Ekki kemur fram í svarbréfi ESA hvort að önnur sjónarmið gildi um skattlagningu á gengishagnaði fyrirtækja. Færa má skýr rök fyrir að þar geti verið um brot á fjórfrelsinu að ræða því fyrirtækin starfa á einum markaði með mörgum gjaldmiðlum en einstaklingurinn býr við sinn íslenska gjaldmiðil. Sérstaklega er rétt að skoða annars vegar reglurnar um skyldu til frestunar á skattskilum á gengishagnaði standist ákvæðið þegar skattaðila er óheimilt að draga frá gengistap á frestunartímanum, og hinsvegar skattskyldu gengishagnaðar óháð innlausn.

8.8 Bindandi álit í skattamálum

Skv. 1. gr. laga nr. 91/1998 skal Ríkisskattstjóri láta uppi bindandi álit í skattamálum, enda geti mál varðað verulega hagsmuni þess sem eftir slíku álit leitar. Ríkisskattstjóri gaf ekki kost á að svara fyrirspurnum höfundar um skattlagningu gengishagnaðar. Er þetta almenn regla hjá skattyfirvöldum sem vilja frekar hafa svörin atviksbundin og svara ekki almennum fyrirspurnum og sinna þannig ekki almennum leiðbeiningum. Því kemur oft ekki í ljós fyrir en eftir að skattaðilinn hefur brotið af sér hvaða reglur gilda.

9. Niðurstaða

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu lögum og reglum um skattlagningu gengishagnaðar á lögaðila og einstaklinga. Gerð var grein fyrir skilgreiningu á hugtökunum skattur, tekjur og gengishagnaður. Fræðimenn og Hæstiréttur hafa talið að grundvallarregla við skattlagningu sé að skattur sé lagður á eftir almennum og efnislegum mælikvarða á tiltekna hópa einstaklinga eða lögaðila. Stjórnarskrá Íslands tekur skýrt fram að skatta megi ekki leggja á þegna landsins nema með lögum. Lög um skattlagningu þurfa að vera almenn og nákvæm þannig

að ekki sé vitað fyrirfram hverjir greiða skatt né hversu háan skatt hver greiðir. Ef tilefni er talið til að skattleggja tiltekna þjóðfélagshópa þarf að vera gert á rökréttan og málefnalegan hátt.

Samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu tekjur er almennt átt við gæði sem hægt er nýta til sparnaðar eða neyslu, tekjuskattslögin segja að til tekna falli hvers konar gæði, arður, laun eða hagnaður sem skattaðili hefur fengið. Hugtakið tekjur er túlkað mjög rúmt í tekjuskattslögunum og jafnvel rýmra en í öðrum lögum og almennum skilgreiningum.

Samkvæmt Ríkisskattstjóra er gengishagnaður hækkun í íslenskum krónum á kröfu í erlendri mynt sem rekja til breytinga á gengi erlendrar myntar og á sama hátt myndast gengistap ef gengi íslensku krónunnar lækkar. Greinarmunur er gerður á skattlagningu gengishagnaðar einstaklinga og fyrirtækja varðandi tímamörk skattlagningar. Gengishagnaður einstaklinga er skattlagður við innlausn en gengishagnaður fyrirtækja óháð innlausn.

Það voru nokkur atriði sem voru rannsökuð sérstaklega varðandi skattlagningu gengishagnaðar til einstaklinga og lögaðila. Í fyrsta lagi var rannsakað hvort gengishagnaður séu tekjur með tilliti til skilgreiningar á hugtakinu tekjur. Að áliti sérfræðinga er gengishagnaður ekki tekjur í eðli sínu þar sem gengisbreyting hefur engin áhrif á eign í erlendri mynt. Hagsmunaðilar hafa kært þessa skattlagningu til Eftirlitsstofnunar EFTA með þeim rökstuðningi að ekki sé um tekjur og geti því ekki verið andlag skattlagningar, aðeins sé um að ræða breytingu á reikningseiningunni íslensku krónunni.

Í öðru lagi var skoðað hvort gengishagnaður séu óvissar tekjur í skilningi 59. gr. hvaða laga. Í rannsókninni var sýnt fram á að gengi íslensku krónunnar tekur miklum breytingum frá einum tíma til annars með þeim afleiðingum að gengishagnaður í dag getur verið gengistap á morgun. Gengishagnaður getur því ekki talist vissar tekjur heldur þvert á móti mjög óvissar. Að tekjufæra óvissar tekjur í fjárhagsbókhalda fyrirtækja fer gegn varkárnisreglunni og góðum reikningssskilavenjum fyrirtækja að reikningssskil gefi glöggva mynd af rekstri fyrirtækis. Með því að skattleggja gengishagnað má því álykta að ekki sé verið sé að fara eftir almennum reglum um skattlagningu raunverulegra gæðaaukningar.

Í þriðja lagi var rannsakað af hverju gengishagnaður fyrirtækja sé ekki skattlagður við innlausn sambærilega og hjá einstaklingum. Megin rökstuðningur fyrir ólíkri skattalegri meðferð er að lögaðilar hafa heimild til að draga tap frá gengishagnaði og því til lengri tíma hafi skattlagningin

ekki áhrif á rekstur fyrirtækja. Til skamms tíma getur skattlagningin haft veruleg áhrif á rekstur fyrirtækja sérstaklega í ljósi þess að skylda er að dreifa gengishagnaði og gengistapi til þriggja ára. Sú staða getur því komið upp að lögaðili þurfi að greiða skatt af gengishagnaði þó hann eigi inni gengistap. Þeirri spurningu var velt upp hvort skylda til að dreifa gengishagnaði og tapi væri í raun skattlagning.

Í fjórða lagi var rannsakað hvort skattlagningin færi gegn samningum um EES um frjálst flæði fjármagns, niðurstaðan er ekki ótvíræð. Eftirlitsstofnun EFTA er með kæru til meðferðar, í fyrstu svörum hennar hafnar stofnunin því að um brot á fjórfrelsis ákvæðum samningsins sé að ræða.

Í fimmta lagi var könnuð skattaleg meðferð leiðréttingar og niðurfellingu lána í erlendri mynt. Ef um ólöglegt gengislán er að ræða og höfuðstóll þess er lækkaður skal leiðrétta áður færðan fjármagnskostnað til samræmis á því ári sem leiðrétting er gerð. Ef um eftirgjöf skuldar er að ræða skal færa eftirgjöfina sem tekjur en nokkur úrræði gefin til að draga úr skattaáhrifum. Eftirgjöf skulda einstaklinga teljast ekki til tekna ef tilteknar ástæður eru uppfylltar.

Hér að framan hefur verið greint frá því hvernig skattlagning gengishagnaðar er frábrugðin að mörgu leyti annarri skattlagningu. Hvað veldur þessari sérmeðferð gengishagnaðar í skattlagningu er ekki ljós, það sem hefur meðal annars komið til skoðunar er hvort yfirvöld eru að nota skattlagninguna sem stjórnþæki, reyna að fá þá sem eiga eignir í erlendri mynt til að skipta þeim í íslenskar krónur til að halda upp gengi íslensku krónunnar. Reynt var að fá afstöðu löggjafans varðandi þetta álitamál en hvorki alþingismenn eða aðilar innan fjármálaráðuneytisins gáfu upp afstöðu sína eða gátu einfaldlega ekki svarað þessari spurningu.

10. Heimildaskrá

Árni Kolbeinsson. (1978). Nýju skattalögin. *Tímarit Lögfræðinga*, 28. árgangur, 3. tbl., 120–135.

Ásmundur G. Vilhjálmsson. (1994). Skattaréttur I. höf.

Ásmundur G. Vilhjálmsson. (2003). *Skattur á fyrirtæki*. Skattvís.

Ásmundur G. Vilhjálmsson. (2006). Gengisskattlagning (Valutabeskatning).

Björn Þ. Guðmundsson. (1989). *Lögbókin þín / Björn Þ. Guðmundsson*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Davíð Þór Björgvinsson. (2006). *EES-Réttur og landsréttur*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Davíð Þór Björgvinsson. (2008). *Lögskýringar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

EFTA Surveillance Authority. (2011, desember). Complaint against Iceland concerning the taxation of foreign exchange rate gain. Sótt 4. mars 2012 af <http://www.eftasurv.int/press--publications/document-register/archive/nr/1558>.

Eftirlitsstofnun EFTA. (e.d.). Evrópska efnahagssvæðið. Sótt 1. maí 2012 af <http://www.eftasurv.int/about-the-authority/the-authority-at-a-glance-/eftirlitsstofnun-efta/>.

Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri. (2002). Staða krónunnar. Sótt 5. apríl 2012 af <http://www.sedlabanki.is/?PageID=13&NewsID=115>.

Fjármálaráðuneytið. (1996, febrúar). Samræmd skattlagning fjármagnstekna. Sótt 15. mars 2012 af http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefning_rit/Samr_skattl_fjarmagnst1996.pdf.

Gaukur Jörundsson. (1969). Um eignarnám / Gaukur Jörundsson. Menningarsjóður.

Gylfi Knudsen. (1994). Ættarmark álögunnar / Gylfi Knudsen. Orator.

Indriði H. Þorláksson. (2007). Stjórnsmál og stjórnsýsla Veftímarit. *Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála*, 1. tbl.(3. árg.). Sótt 18. febrúar 2012 af <http://skemman.is/stream/get/1946/8950/23836/1/b.2007.3.1.2.pdf>.

- Ingibjörg Þorsteinsdóttir. (2010). Áhrif meginreglna EES-réttar um bann við mismunun og takmörkun á fjórfrelsinu á sviði skattaréttar. *Bifröst Journal of Social Science*, (4), 91–117. Sótt 5. febrúar 2012 af <http://bjss.bifrost.is/index.php/bjss/article/view/58/68>
- Ingvi Már Pálmason. (2006, nóvember). Áhrif EES samningsins á íslenskan skattarétt. *Tíund*. Sótt 20. mars 2012 af http://www.rsk.is/ws/cm/file/t%C3%ADund_2006_11.is.pdf.
- Jónatan Þórmundsson. (1982). *Fyrirlestrar í skattarétti*. Reykjavík: Höfundur.
- Katrín Jónasdóttir 1961 og Gaukur Jörundsson. (1994). Afmælisrit□: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994 / [ritnefnd Katrín Jónasdóttir ... [et al.]]. Orator.
- Katrín Jónasdóttir og Gaukur Jörundsson. (1994). Afmælisrit□: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994 / [ritnefnd Katrín Jónasdóttir ... [et al.]]. Orator.
- KPMG á Íslandi. (2008, 28 apríl). Umsögn um 515. mál, frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt. Sótt 2. maí 2012 af <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnrm=515&dbnr=2378&nefnd=esDeloittePrice%20waterhousecoopers>.
- KPMG á Íslandi. (2011). Skattatíðindi KPMG, (48). Sótt 4. mars 2012 af <http://www.kpmg.com/IS/is/utgefidefni/greinar-og-utgefid/Documents/SkattatidindiKPMG-48tbl-jan2011.pdf>.
- Norberg, C. (2007). Accounting and taxation. *EATLP*. Sótt 5. febrúar 2012 af <http://www.eatlp.org/uploads/public/Norberg%20Kari%20Tikka%20mem%20lecture%202007.pdf>.
- Nordik. (e.d.). Leiðrétting gengistryggðra lána skattskyld. Sótt 3. maí 2012 af http://nordik.is/library/Nordik_web.pdf.

- Ólafur Jóhannesson. (1952). Lög og réttur: þættir um íslenska réttarskipun / samið hefur Ólafur Jóhannesson. Menningarsjóður.
- Ólafur Jóhannesson. (1988). Stjórnskipun Íslands / Ólafur Jóhannesson. Iðunn.
- PricewaterhouseCooper. (2008, júlí). Skattavakt PwC. Sótt 10. mars 2012 af http://www.pwc.com/is/is/home/assets/sk_07_08.pdf.
- Ríkisskattstjóri. (1997). Skattlagning fjármagnstekna skýringar og leiðbeiningar. Sótt 3. mars 2012 af http://www.rsk.is/skjal/skattlagning_ftekjur.is.pdf.
- Ríkisskattstjóri. (2001a). Bindandi álit nr. 04/2001. Sótt 2. maí 2012 af http://rsk.is/fagadilar/balit/alit/2001/bal_2001_004.is.html?hl=innlausn.
- Ríkisskattstjóri. (2001, 4 desember). Meðferð hagnaðar og taps af framvirkum samningum í skattskilum lögaðila. *RSK*. Sótt 3. mars 2012 af http://rsk.is/fagadilar/akvbref/beinir/2001/takv_2001_008.is.html.
- Ríkisskattstjóri. (2008). Tilkygningar. Sótt 1. maí 2012 af http://rsk.is/rsk/tilkygningar/2012/frett_29-10-2008.is.html?hl=innlausn.
- Ríkisskattstjóri. (2011, 20. maí). Ákvarðandi bréf. *Skattlagning á niðurfellingu skulda*. Sótt 4. mars 2012 af http://rsk.is/fagadilar/akvbref/beinir/2011/takv_2011_009.is.html.
- Samtök atvinnulífsins. (2008). *Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum. 515. mál*. Reykjavík. Sótt 14. mars 2012 af <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnr=515&dbnr=2379&nefnd=es>.
- Samtök fjárfesta. (2010, 14. desember). Kæra til Eftirlitsstofnunar EFTA. Sótt 2. desember 2011 af <http://hluthafar.is/?c=frettir&id=45&lid=&pid=&option=>.

- Samtök fjármálafyrirtækja. (2008, 25 apríl). Umsögn um fr.v til l. um brt. á l. um tekjuskatt. Sótt 25. mars 2012 af <http://www.althingi.is/pdf/umsogn.php4?lthing=135&malnr=515&dbnr=2380&nefnd=es>.
- Seðlabanki Íslands. (2007, 3. desember). Bréf til ársreikningaskrá. Sótt 31. mars 2012 af <http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5724>.
- Stefán Már Stefánsson. (2006). Leyfilegar takmarkanir á fjórfrelsisákvæðum EB/EES réttar. *Bifröst*: *Rit lagadeildar Háskólans á Bifröst* (bls. 411).
- Umsögn um frumvarp. (1996). Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981. Sótt 3. maí 2012 af <http://www.althingi.is/altext/120/s/0750.html>.
- Viðskiptaráð Íslands. (2008). *Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum - eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar*. Sótt 29. mars 2012 af www.vi.is/files/2139112675uppjor7.pdf.
- Viðskiptaráð Íslands. (2010). Hagvöxtur eða hugmyndafræðilegir sigrar, áhrif hærra fjármagnstekjuskatts. Sótt 6. mars 2012 af http://www.vi.is/files/2010.03.11%20Skodun%20-%20Fjarmagnstekjuskattur_1344430167.pdf.
- Vilhjálmur Bjarnason. (2012, 14. febrúar). Til Eftirlitstofnunar EFTA.
- Þingskjal 1. (1992). Frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið. Sótt 28. apríl 2012 af <http://www.althingi.is/altext/116/s/0001.html>.
- Þingskjal 1259. (2009-2010). Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003. Sótt 4. apríl 2012 af <http://www.althingi.is/altext/138/s/1259.html>.
- Þingskjal 285. (2008-2009). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr 3/2006. Sótt 2. apríl 2012 af <http://www.althingi.is/altext/136/s/pdf/0285.pdf>.

- Þingskjal 380. (2010, 30 nóvember). Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld. Sótt 15. mars 2012 af <http://www.althingi.is/altext/139/s/0380.html>.
- Þingskjal 594. (2010-2011). Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld. Sótt 20. apríl 2012 af <http://www.althingi.is/altext/139/s/0594.html>.
- Þingskjal 699. (1970). Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90 7. okt. 1965. Sótt 4. maí 2012 af <http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0699.pdf>.
- Þingskjal 743. (1971). Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90 7 október 1965. Sótt 4. maí 2012 af <http://www.althingi.is/altext/91/s/pdf/0743.pdf>.
- Þingskjal 803. (1978). Frumvarp til laga um tekju og eignaskatt. Sótt 4. maí 2012 af <http://www.althingi.is/altext/99/s/pdf/0803.pdf>.
- Þingskjal nr. 46. (1979). *Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 40 18. maí 1978*. Sótt 12. mars 2012 af <http://www.althingi.is/altext/102/s/pdf/0046.pdf>.

11. Myndaskrá

Mynd 1. Gengisbreyting á milli ára	36
Mynd 2. Gengisþróun íslensku krónunnar á móti dollar og evru	36

12. Töfluskrá

Tafla 1. Dæmi A um færslu gengismismunar.....	30
Tafla 2. Dæmi B um gjaldfærslu gengismunar.....	31
Tafla 3. Gengismunur af láni	31
Tafla 4. Dæmi um dreifingu gengishagnaðar og gengistaps.....	33

13. Lagaskrá, dómaskrá og fl.

Hæstaréttardómar

Hrd. 424/1965
Hrd. 753/1958
Hrd. 945/1972
Hrd. 76/1986
Hrd. 1008/1987
Hrd. 402/1996
Hrd. 3114/1996
Hrd. 112/2004
Hrd. 91/1999
Hrd. 356/1999
Hrd. 153/2010
Hrd. 150/2000

Lagaskrá

Lög um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, nr. 165/2010
Lög um ársreikninga 3/2006
Lög um ársreikninga nr. 17/2006
Lög um tekjuskatt nr. 90/2003
Lög um bindandi álit í skattamálum nr. 91/1998

Lög um breytingar á lögum 75/1981 um tekjur og eignaskatt, nr. 97/1996

Lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Lög um bókhald nr. 145/1994

Lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987

Lög um tekju og eignaskatt nr. 75/1981

Lög um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík nr. 76/1966

Stjórnarskrá Íslands, lög nr. 33/1944

Reglugerðir

Reglugerð nr. 534/2009

Reglugerð nr. 101/2007

Úrskurðir Yfirskattaneftnd:

Úrskurður nr. 61/2007

Úrskurður nr. 183/2003

Ríkisskattstjóri

Ákvarðandi bréfi nr. 6/2011

Ákvörðun. 4. desember 2001, nr. 2001-11-

14. Munnlegar heimildir:

Lúðvík Þráinsson endurskoðandi hjá Deloitte

Sturla Jónsson endurskoðandi hjá Nordik

Jónas Guðbjörnsson, fjármálastjóri

Pétur H. Blöndal alþingismaður

Bjarni Már Gylfason hagfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins